

Bókaskrá

ÍSLENSK FORNRIT

Öndvegísútgáfa íslenskra fornbókmennta
með formálum og skýringum

HÍÐ ÍSLENSKA
FORNRITAFÉLAG

90 ára

HÍÐ ÍSLENSKA FORNRITAFÉLAG

– Stofnað 1928 –

Hið íslenska fornritafélag 90 ára

Á þessu ári fagnar Hið íslenska fornritafélag níræðisafmæli sínu, en stofnfundur þess var haldinn 14. júní 1928. Þannig er greint frá upptökum félagsins á fyrstu síðu fundargerða-bókar þess:

Jón Ásbjörnsson hæstarjettarmálaflutningsmaður skýrir frá upptökum Fornritafélagsins á þessa leið: Sumarið 1926 dvaldi jeg um hríð á Staðarfalli hjá Þorsteini sýslumanni Þorsteinssyni. Skemtum við okkur þá einatt með samræðum um fornrit vor og afrið jeg þá að reyna að safna fje, er jeg kæmi suður, til vandaðrar útgáfu þeirra, eða merkustu fornritanna. Færði jeg þetta í tal við Þorstein og hjet hann styrk sínum til þessa. Þegar jeg kom suður, byrjaði jeg á fjársöfnun og fjekk góðar undirtektir. Í aprílmánuði 1927 var jeg búinn að fá loforð ca. 30 manna um styrk til slíkrar útgáfu og kvaddi jeg þá á fund, að mig minnir, seint í þeim mánuði.

Umræddur fundur var haldinn 28. apríl 1927. Þar voru kosnir í nefnd til að undirbúa stofnun félagsins Jón Ásbjörnsson, Pétur Halldórsson bóksali og Ólafur Lárusson prófessor, og síðan var bætt við tveimur mönnum, Tryggva Þórhallssyni forsætisráðherra og Matthíasi Þórðarsyni þjóðminjaverði. Nefndin efndi til samskota og sendi boðsbréf til allmargra manna víðs vegar um landið, dagsett 1. desember 1927. Þar eru kynnt stórhuga áform um nýja og vandaða útgáfu íslenskra fornsagna.

Fyrir hverju riti verður saminn inngangur, er skýri stöðu þess í bókmentunum, heimildargildi þess og listargildi og ýmislegt annað, sem lesendum má verða til leiðbeiningar. Einstök atriði verða jafnóðum skýrð neðanmáls: vísur, torskilin orð og orðatiltæki, fornir siðir og menning; athugasemdir verða gerðar um söguleg sannindi og tímatal, vísað í aðrar heimildir til samanburðar o.s.frv. Hverri sögu munu fylgja fleiri eða færri landabrief eftir þörfum, til skýringar helstu viðburðum, ennfremur ættartölu-tölur og myndir af sögustöðum, fornum gripum og húsum. [...] Útgáfu ritanna verður skift milli ýmissa fræðimanna, en svo hefur talast til, að Sigurður prófessor Nordal hefði aðalumsjón með útgáfunni, og erum vjer þess fullvissir, að hún sje þar í ágætum höndum.

Eftirfarandi orð í boðsbréfinu geta talist eins konar stefnuskrá félagsins:

Það þarf ekki að skera utan af því, að fornritin hafa jafnan verið dýrasta eign Íslendinga, á þeim er reist menning vor heima fyrir og orðstír vor út á við. Það er átakanlegasti vottur íslenskrar fátæktar, sem til er, að vjer skulum ekki eiga sæmilega útgáfu þeirra allra og alls enga af sumum. Það er ekki vansalaust fyrir þjóð vora, að vönduðustu útgáfur þeirra skuli vera erlendar. Ekkert getur verið ofgert, sem stuðla má að því, að þjóðin leggi meiri rækt við þau, lesi þau með meiri alúð og betri skilningi. Slík útgáfa sem þessi, er smám saman yrði í eigu allra fræðimanna, er íslenskar bókmentir stunda erlendis, myndi og betur en nokkurar fortölur brenna inn í hug þeirra eignarrjett Íslendinga á þessum ritum. En oss er að vonum sárt um ásælni annarra þjóða í því efni.

Fyrri útgáfur fornrita

Það er ekki ofmælt að allar „vönduðustu útgáfur“ fornrita fram til þessa tíma hafi verið erlendar. Alla nítjándu öldina og fram á þá tuttugustu var mikill áhugi á íslenskum fornritum í hinum norðurevrópska fræðiheimi, ekki síst í Danmörku. Þar rak hver útgáfan aðra á þessum tíma, einkum á vegum nokkurra fræðafélaga: Hins konunglega norræna fornfræðafélags, Norræna bókmenntafélagsins og „Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur“. Útgáfur þessara félaga á heilli öld áður en Hið íslenska fornritafélag var stofnað skipta mörgum tugum, en oftan en ekki voru útfendur þeirra Íslendingar. Með Altnordische Saga-Bibliothek 1892–1929 var nýjum áfanga náð. Þar voru Íslendingasögur gefnar út, hver af annarri, samkvæmt föstum fræðilegum viðmiðum, með ýtarlegum formálum fremstu fræðimanna, textarnir aðgengilegir, prentaðir með samræmdri fornri stafsetningu og með rækilegum orðskýringum neðanmáls. Hér var komin útgáfa sem gera mátti ráð fyrir að allir erlendir fræðimenn mundu fyrst og fremst styðjast við í rannsóknum sínum.

Hið íslenska bókmenntafélag var stofnað 1816. Ein fyrsta útgáfa þess var Sturlunga í tveimur bindum 1817–20, en að öðru leyti sinni það ekki fornritaútgáfu fyrr en á síðari helmingi aldarinnar. Þá gaf félagið út Biskupa sögur (1858–78), Íslendingabók (1887) og Íslenzkar fornsögur (1880–83). Síðastnefnd útgáfa hafði að geyma Víga-Glúms sögu, Ljósvetninga sögu, Reykdæla sögu, Valla-Ljóts sögu, Svarfdæla sögu og Þorleifs þátt jarlsskálds. Þessar útgáfur voru ætlaðar íslenskum lesendum, og þeim fylgdu rækilegir formálar á íslensku.

Annars var tilviljunum háð hvaða fornsögur voru fáanlegar til lestrar handa íslenskum almenningi. Því var mikill fengur að alþýðuútgáfu Sigurðar Kristjánssonar sem kom út í ellefu bindum 1891–1912. Valdimar Ásmundsson bjó þau til prentunar. Flestar þeirra 38 sagna sem þar voru gefnar út höfðu aldrei komið fyrir augu íslenskra lesenda, og margar voru aðeins til á prenti í fræðilegum erlendum útgáfum. Þarna voru textarnir hins vegar prentaðir án orðskýringa og án þess að fróðleikur fylgdi sem auðveldaði lesendum að tileinka sér þá.

Fyrstu ár félagsins

Á stofnfundi Hins íslenska fornritafélags var kosið tólf manna fulltrúaráð, og á fyrsta fundi þess, sem haldinn var í lestrarsal Þjóðskjalasafns 14. júní 1928, voru kosnir í stjórn sömu menn og sátu í undirbúningsnefndinni og fyrr var getið. Var Jón Ásbjörnsson kjörinn forseti félagsins. Fjársöfnun undirbúningsnefndarinnar hafði skilað loforðum fyrir 21.800 krónum. Alþingi hafði heitið 5.000 krónum ef áður hefðu safnast 25.000 krónur. Konungur og drottning lögðu fram 1.200 krónur og hétu félaginu vernd sinni.

Þegar í upphafi var ákveðið að útgáfufélagið ætti sig sjálft og öllum hagnaði skyldi varið til frekari útgáfna. Stjórnin treysti því að stofnkostnaður næðist inn með frjálsum samskotum, en jafnframt varð fljótlega ljóst að þörf væri á talsverðum árlegum framlögum frá Alþingi.

Eins og áður kom fram var Sigurður Nordal ráðinn útgáfustjóri félagsins, og ekki leið á löngu áður en Efnisskrá Fornritaútgáfunnar leit dagsins ljós. Þar er gert ráð fyrir 32 bindum, þar sem fyrsta bindi hafi að geyma Íslendingabók og Landnámu, síðan komi tíu bindi Íslendingasagna, Sturlunga í þremur bindum, þrjú bindi biskupasagna, lög í einu bindi, þá Sæmundar-Edda og síðan Snorra-Edda, tvö bindi fornaldarsagna, ennfremur Heimskringla og aðrar konungasögur í sjö bindum. Loks var gert ráð fyrir einu bindi með úrvali riddarasagna og ævintýra, öðru með fyrisögninni Vísindi og þýðingar og loks einu með yfirskriftinni

Kveðskapur, skáldatal og kvæðatal. Á 21. fundi stjórnarinnar, 3. desember 1932, var lögð fram ný og endurskoðuð efnisskrá þar sem gert var ráð fyrir 35 bindum, 14 bindum Íslendingasagna í stað 11. Þess má geta að síðast þegar efnisskráin var tekin til endurskoðunar, á 81. stjórnarfund, 16. febrúar 1961, eru bindin orðin 50. Sú áætlun er enn höfð til viðmiðunar í framtíðarsýn félagsins.

Stjórn Fornritafélagsins lagði í upphafi megináherslu á útgáfu Íslendingasagna. Var gert ráð fyrir að áformað IX. bindi, Njáls saga, yrði fyrst í röðinni, en ýmsar ástæður réðu því að II. bindið, Egils saga, var fært fram fyrir og útgáfa Njálu frestaðist um allmörg ár. Á stjórnarfund 3. júlí 1928 skýrði forseti frá því að útgerðarfyritækið Kveldúlfur hf. hefði boðist til að kosta útgáfu Egils sögu af félagsins hálfu, þannig að Kveldúlfur greiddi allt sem á skorti að ríkissjóðsstyrkurinn hrykki fyrir kostnaðinum. Fyritækið hefur talið sér málið skylt, og reyndar sat framkvæmdastjóri þess, Haukur Thors, í fulltrúaráði Fornritafélagsins og settist síðar í stjórn þess. Á fyrstu stjórnarfundum var mönnum tíðrætt um fjáröflun til starfseminnar. Þannig lagði Guðmundur Finnbogason landsbókavörður til að félagið leitaði til héraðsmanna um framlög til ákveðinna rita, þ.e. sagna sem gerst hefðu í héruðum þeirra, hverra fyrir sig. Í umræðum um málið gat Haukur Thors þess að hann hefði skrifað öllum togaraskipstjórum og nokkrir þeirra hefðu heitið framlögum. Á þriðja ársfundi, 23. september 1930, er bókað að verndari félagsins, Kristján konungur X., hafi í heimsókn sinni á Alþingishátíð sent félaginu 15 þúsund krónur að gjöf. „Til þess að votta þar með þakklæti fjelagsins stóðu allir fundarmenn upp.“

Fyrstu fundargerðir bera með sér að stjórnin hefur lagt mikla vinnu og metnað í að gera bækurnar sem best úr garði, velja vandaðan pappír og hanna bókband og annað útlit til frambúðar. Fyrirmynd skyldi vera útgáfa Altnordische Saga-Bibliothek, en bækurnar áttu að vera fjölbreyttari og vandaðri, sniðnar við hæfi íslenskra lesenda og prýddar myndum og kortum af sögustöðum. Auk fjárframlaga naut félagið styrks á fjárlögum sem miðaðist við útgáfu eins rits á ári.

Tilhögun útgáfunnar – frágangur – stafsetning

Ekki var aðeins lögð alúð við ytra útlit ritraðarinnar heldur var innri uppbygging bindanna hvers um sig ákveðin þegar í upphafi. Drög að henni voru lögð í boðsbréfi undirbúningsnefndarinnar sem vitnað var til hér að framan. Útgáfustjórnin, Sigurður Nordal, reið á vaðið með útgáfu Egils sögu og gaf þar með fordæmi fyrir þeim útgáfum sem á eftir komu. Í formála segir hann meðal annars:

Útgáfur þessar eru fyrst og fremst gerðar handa íslenzkum lesöndum, sem hafa mætur á fornritum vorum, án þess að hafa notið um þau sérstakrar fræðslu. Þetta verður að hafa í huga, ef um þær á að dæma af sanngirni. Mest er um það vert, að texti ritanna sé svo réttur og áreiðanlegur sem kostur er á. Því næst þarf að reyna að greiða götu nútímamanna til skilnings textans. Til þess eru skýringarnar neðanmáls á fornum orðum, síðum og menningu. Í þeim á að vera sem minnst af ónáuðsynlegum fróðleik eða skoðunum útgefanda, sem trullað geti lesturinn. Tilvísanir í rit og ritgerðir eru gerðar í tvennum tilgangi: að vísa þeim, sem þess kunna að óska, á frekari fræðslu en þar er rúm fyrir, – og gera grein fyrir, við hverjar heimildir útgefandi hafi stuðzt, einkum þar sem skýringar geta orkað tvímælis. Hins vegar er ætlað til, að formálar verði rælkilegir og hver útgefandi hafi þar sem mest svigrúm fyrir niðurstöður sínar um ritin í heild sinni, aldur þeirra, höfunda, heimildir, sannindi, tímatal o.s.frv. Þeir eiga að færa nútímalesendur feti nær því en skýringarnar geta, að þeir lesi ritin eins og samtímamenn höfundanna hafa gert.

En vitanlega eru formálunum líka takmörk sett, bæði vegna rúmsins og þekkingar varrar. Enginn má búast við því, að þar verði öll vafamál, er fornritin snerta, tekin til meðferðar né úr þeim leyst. Þá næði formálarnir bezt tilgangi sínum, ef þeir yrði íslenzkum fræðimönnum undirstaða og hvött til frekari rannsókna.

Í gögnum Hins íslenska fornritafélags eru varðveitt handskrifuð drög Sigurðar Nordal að leiðbeiningum til útgefenda fornritanna varðandi skýringar texta og vísna, orðamun og stafsetningu. Í leiðbeiningum um orðamun er um það fjallað hvort og þá að hve miklu leyti útgefandi eigi að hafa hliðsjón af öðrum handritum en aðalhandriti og birta leshætti úr þeim í skýringum neðanmáls:

Þetta vandamál kemur hvorki fyrir þá sem taka allan orðamun eins og hinar svo nefndu krítisku útgáfur (þ: þær, sem enga krítík þarf til að gefa út), né t.d. útgefendur Saga-bibliothek, sem þvertaka fyrir allar athugasemdir um meðferð textans, svo að jafnvel tilgátur útgefanda eru á engan hátt auðkenndar. Í þessari útgáfu hef ég talið rétt að fara bil beggja, hvorki hrúga upp orðamun, sem enginn les, né hins vegar binda alveg fyrir augu lesandans um meðferð útgefanda á textanum.

Með „krítiskum“ útgáfum á Sigurður við þær fræðilegu útgáfur þar sem aðaltexti er prentaður í meginmáli og öll frávik frá honum í öðrum gildum handritum eru prentuð neðanmáls. Í slíkum útgáfum, og reyndar mörgum öðrum, er textinn skráður stafréttur eftir viðkomandi handriti og leyst upp úr böndum með skáletri. Stafsetning á útgáfum fornrita á þessum tíma var annaðhvort stafrétt og ekki sérlega lesendavæn eða svonefnd samræmd forn stafsetning þar sem orð og orðmyndir voru stafsett eftir fastákveðnum reglum, sem tóku mið af forn-málinu á því tímasteiði þegar gert var ráð fyrir að tiltekin saga væri samin. Það tíðkaðist sem sé ekki á fyrstu árum Fornritafélagsins að prenta fornrit með nútímastafsetningu. Keimlíkt afbrigði samræmdrar stafsetningar var notað í Altnordische Saga-Bibliothek, þannig að textarnir urðu hluti af viðtekinni útgáfuhefð. Íslenskir lesendur voru enga stund að venjast þessari stafsetningu, sem hafði einnig sérstöku hlutverki að gegna gagnvart þeim, sem Sigurður Nordal orðar þannig:

Það þótti sjálfsagt að hafa á slíkri útgáfu sem þessari, er ætluð er almenningi, samræmda stafsetningu, er í einu gerði ritin auðlesin hverjum greindum íslenzkum alþýðumanni og varðveitti þó svip hins forna máls og leyfði þeim, sem þess óskuðu, að skyggjast sem mest inn í uppruna orða og orðmynda.

Í greininni „Fornritaútgáfan. Metnaðarmál Íslendinga“, sem birtist 15. júlí 1928 í Lesbók Morgunblaðsins, er því slegið föstu að áformuð ritröð Fornritafélagsins muni verða „langfullkomnasta safn íslenskra fornrita, sem nokkurn tíma hefir verið gefið út“. Hver sá erlendur fræðimaður sem vilji kynna sér íslenskar fornþéttmenntir muni því finna sig tilneyddan að kaupa það.

Og jafnframt munu þeir neyðast til þess að læra að lesa nútímaritmál þjóðarinnar til þess að geta hagnýtt sjer athugasemdir, skýringar og formála. En allur þorri þeirra vísindamanna erlendra, sem fást við rannsóknir fornrita vorra og geta stautað sig fram úr þeim, eru ekki bænabókarkærir á nútímamál vort og halda því, að eitthvert regindjúp sje staðfest milli ritmálsins forna og ritmálsins nú á dögum, m.ö.o., að forntungan sje glötuð. Þá kórvillu mundi þessi útgáfa geta kveðið niður að miklu leyti og þá mundi hún jafnframt sanna eignarheimild vora á fornritunum.

Skin og skúrir

Stjórn félagsins var í upphafi bjartsýn á að henni mundi takast að gefa út eitt bindi á ári. Og vissulega er útgáfutíðni fyrstu árunna ævintýri líkust, eða 10 fornritaútgáfur á þrettán árum (1933–1945), eins og sést á meðfylgjandi útgáfuskrá Íslenzkra fornrita. Samkvæmt upphaflegri áætlun var höfuðáhersla lögð á Íslendingasögur. Stórum áfanga var náð með hinni miklu útgáfu Einars Ólafs Sveinssonar á Brennu-Njáls sögu 1954. Þá hafði Heims-kringla einnig bæst í safnið í þremur bindum í útgáfu Bjarna Aðalbjarnarsonar, hið fyrsta útgefið á 700 ára dánarafmæli Snorra Sturlusonar 1941.

Um þetta leyti var fjárhagur félagsins svo bágborinn að ákveðið var að hefja nýtt fjárföfnunaráttak og senda út dreifibréf, líkt og gert var 1. desember 1927. Uppkast forseta að slíku bréfi var samþykkt með lófataki á aukafundi stjórnar, og í fundargerð 27. nóvember 1941 kemur fram að 27 þúsund krónur höfðu safnast. Í fundargerð ársfundar 1946 segir að forseti hafi farið nokkrum orðum „um þá samkeppni sem nú væri á komin um útgáfu fornrita vorra“. Mun þar átt við útgáfu Guðna Jónssonar á vegum Íslendingasagnaútgáfunnar sem út kom í tólf bindum 1946–47 og seldist mjög mikið. Og einhver áhrif hafði samkeppnin á útgáfuáætlanir félagsins. Í fundargerð 15. febrúar 1958 er mælt fyrir samþykkt um að áformaðri útgáfu Sverris sögu verði frestað, þar sem sú saga var þá nýkomin út í konungasagnaröð Íslendingasagnaútgáfunnar. Þau hlé sem sjá má í ritröðinni (sbr. meðfylgjandi útgáfuskrá) má ef til vill skýra að hluta með samkeppni frá öðrum fornritaútgáfum: Íslendingasagnaútgáfu Skuggsjár 1968–76 og Svarts á hvítu 1985–86, sem voru báðar gefnar út með nútímastafsetningu. Það ber þó einnig að hafa í huga að útgáfur Íslenzkra fornrita voru endurprentaðar jafnharðan þegar þær seldust upp, og þær endurprentanir hafa ekki verið skráðar sérstaklega.

Sigurður Nordal var skipaður sendiherra Íslands í Danmörku 1951. Á stjórnarfundum 19. október 1953 var Einar Ólafur Sveinsson ráðinn útgáfustjóri og gegndi því starfi í áratug, eða þar til hann var skipaður forstöðumaður Handritastofnunar Íslands (síðar Stofnunar Árna Magnússonar) haustið 1962. Þá tók Guðni Jónsson við útgáfustjórninni og í hans tíð var Orkneyinga saga gefin út 1965. Jakob Benediktsson var síðan ráðinn útgáfustjóri og hafði umsjón með næstu bindum konungasagna, Danakonunga sögum í útgáfu Bjarna Guðna-sonar (1982) og Ágripi-Fagurskinnu sem Bjarni Einarsson gaf út (1985).

Í fundargerð 26. maí 1965, um sama leyti og Orkneyinga saga kemur út, greinir forseti frá erfiðri skuldastöðu:

Kvaðst forseti vilja hlaupa undir bagga með félaginu eftir sinni getu. Hann hefði fengið 200 þús. kr. lán úr lífeyrissjóði og vildi hann endurlána félaginu verulegan hluta þeirrar fjárhæðar.

Jón Ásbjörnsson andaðist skömmu síðar, 14. janúar 1966. Í erfðaskrá sinni hafði hann breytt láninu í 150 þúsund króna gjöf til Fornritafélagsins og einnig ánað félaginu hluta af bókasafni sínu, sem metið var á 415 þúsund krónur. Fjögur fyrirtæki, Áburðarverksmiðjan, Eimskipafélag Íslands, Flugfélag Íslands og Loftleiðir, sammæltust um að kaupa þetta bóka-safn af félaginu og gefa bækurnar síðan Handritastofnun Íslands.

Pétur Benediktsson gegndi forsetastörfum að Jóni Ásbjörnssyni látnum, en hann andaðist sjálfur 29. júní 1969. Á framhaldsársfundi 9. október 1969 var dr. Jóhannes Nordal kjörinn forseti félagsins og gegndi því starfi fram að aðalfundi 14. júní 2018.

Eftir útkomu Orkneyinga sögu 1965 og Íslendingabókar og Landnámu 1968 lá útgáfa Fornritafélagsins niðri af ýmsum orsökum í hálfan annan áratug. Nú var áhersla lögð á að



endurprenta fyrri útgáfur til að tryggja að öll rit félagsins væru alltaf fáanleg. Ennfremur var unnið að því að kynna rit félagsins erlendis, meðal annars með kynningarritum sem send voru erlendum háskólabókasöfnum. Í tilefni af 800 ára afmæli Snorra Sturlusonar árið 1979 var Heimskringla gefin út í vandaðri hátíðarútgáfu í takmörkuðu upplagi. Um það leyti virðast erfiðleikarnir vera að baki. Í fundargerð ársfundar 1979 er þess getið að nú sé félagið orðið skuldlaust.

Á níunda áratugnum komst aftur skriður á útgáfu nýrra rita með tveimur bindum konungasagna, Danakonunga sögum og Ágripí-Fagurskinnu. Þá er þess að geta að árið 1991 kom út Harðar saga sem lengi hafði verið í undirbúningi, en með henni var loks lokið útgáfu allra Íslendingasagna, svo nú var unnt að bjóða þær til sölu í heild. Einnig var á þessum árum samið við útgefendur um að hefja undirbúning að útgáfu biskupasagna í fimm bindum, sem yrði næsta meginverkefni félagsins. Til þeirrar útgáfu fékk félagið sérstakan styrk frá forsætisráðuneytinu í tilefni af þúsund ára afmæli kristnitökunnar. Þrjú

bindi komu út 1998, 2002 og 2003. Í síðustu tveimur bindunum skyldu vera sögur Guðmundar góða Arasonar. Frestur varð á útkomu þeirra við sviplegt andlát útgefandans, Stefáns Karlssonar, en nú eru yngri fræðimenn komnir vel á veg með að ljúka verki hans.

Næsta höfuðverkefni félagsins var að ljúka útgáfu konungasagna. Fyrst í röðinni var Færeyinga saga ásamt Ólafs sögu Odds Snorrasonar sem hafði verið lengi í undirbúningi en kom loks út 2006. Næsta ár var Sverris saga gefin út, og í kjölfarið fylgdu Morkinskinna í tveimur bindum (2011) og Hákonar saga Hákonarsonar, einnig tvö bindi (2013). Félagið tók að sér að gefa síðastnefnd þrjú rit út, samtals fimm bindi, í sérstökum útgáfum þar sem inngangurinn var þýddur á norsku. Þessi útgáfa var þjóðargjöf Íslendinga til Norðmanna í tilefni af hundrað ára afmæli endurreists konungsveldis árið 2005. Vegna þessara rita fékk félagið sérstakan styrk frá ríkinu.

Jónas Kristjánsson tók sæti í stjórn Fornritafélagsins 1979 og tók virkan þátt í starfi þess, einkum eftir að hann lét af störfum sem forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar 1994. Um aldamótin síðustu tók Jónas að sér að ritstýra tveimur fyrri bindum biskupasagna, og var Þórður Ingi Guðjónsson fenginn honum til aðstoðar. Árið 2004 var Þórður Ingi ráðinn meðritstjóri Íslenzkra fornrita, og þeir Jónas ritstýrðu síðan í sameiningu sex bindum konungasagna. Jónas andaðist í júní 2014, og hefur Þórður Ingi síðan verið einn ritstjóri, frá og með Eddukvæðautgáfunni 2014. Þess má geta að á níutíu ára ferli félagsins er hann sá eini sem ráðinn hefur verið í fullt starf.

Fráfarandi forseti Hins íslenska fornritafélags, Jóhannes Nordal, hefur borið hitann og þungann af störfum félagsins nærfellt í 50 ár, frá 1969 til 2018. Á því tímabili hefur félagið átt sitt annað blómaskeið, auk þess sem drög hafa verið lögð að frekari framtíðarverkefnum. Núverandi forseti félagsins, kjörinn á aðalfundi 14. júní 2018, er Halldór Blöndal. Með honum sitja í stjórn Ármann Jakobsson, Guðrún Nordal, Haraldur Ólafsson og Svavar Gestsson.

Frá upphafi hafði Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar söluumboð fornritanna og veitti félaginu ýmsa þjónustu. Vegna fjárhagsörðugleika fyrirtækisins var þeim samskiptum slitið árið 1990, og þess í stað samdi Fornritafélagið við Hið íslenska bókmenntafélag sem upp frá því hefur séð um bókadreifingu og alla þjónustu við félagið. Hefur sú samvinna verið hin farsælasta.

Að lokum

Frá öndverðu hefur Hið íslenska fornritafélag lagt megináherslu á útgáfu sagna sem gerast á Íslandi og öðrum Norðurlöndum á tímabilinu frá því á landnámsöld og fram að ritunartíma sagnanna. Síðustu bindin í þeirri ritröð eru væntanleg innan fárra ára. Síðasta bindi konungasagna, Jómsvíkinga saga, er í prentun þegar þetta er ritað, og á næstu þremur árum er gert ráð fyrir að Sturlunga saga komi út í þremur bindum ásamt síðustu tveimur bindum biskupasagna, sem hafa að geyma sögur af Guðmundi biskupi góða. Útgáfur annarra flokka fornrita hefur félagið einnig haft á stefnuskrá sinni. Árið 2014 komu út fyrstu tvö bindin í nýjum flokki, Eddukvæði í útgáfu Jónasar Kristjánssonar og Vésteins Ólasonar. Meðal útgáfuverkefna sem horft er til má nefna Snorra-Eddu, fornaldarsögur, riddarasögur, lögbækur, vísindi og þýðingar.

Óumdeilt má vera að forystumönnum Fornritafélagsins tókst á furðuskömmum tíma að fullkomna það ætlunarverk sitt að hringa af stokkunum vandaðri ritröð sem glæddi skilning á hinum forna bóksagnaarfi meðal þjóðarinnar og öðlaðist virðingarsess í augum erlendra fræðimanna. Til marks um hið síðarnefnda er að nánast alltaf þegar fornsaga er þýdd er notað útgáfa Íslenzkra fornrita, ef hún er á annað borð fyrir hendi, auk þess sem jafnan er vísað til þeirra útgáfna í innlendum og erlendum fræðiritum. Allt frá upphafi hefur þeirri stefnu verið fylgt að útgáfubækurnar gegni tvöföldu hlutverki: séu aðgengilegar fróðleiks- fúsum íslenskum lesendum um leið og þær uppfylli strangar fræðilegar kröfur. Útgáfurnar eru að sjálfsögðu börn síns tíma, og á síðustu áratugum hafa sprottið upp aðrar útgáfur með önnur viðmið, með nútímastafsetningu og að ýmsu leyti með aðgengilegra viðmóti. Útgáfur Íslenzkra fornrita hafa einnig að sínu leyti tekið mið af nýjum tíma og nýjum rannsóknum. Þær halda sem áður gildi sínu og sérstöðu, og Hið íslenska fornritafélag hefur engan veginn lokið hlutverki sínu sem vettvangur nýrra útgáfna og tengiliður milli fræða og fólks.

Í minningu Jónasar Kristjánssonar, læriföður og vinar.

Þorleifur Hauksson

Íslensk fornrit (í tímaröð)¹

- 1933 Íf. II: Egils saga
 1934 Íf. V: Laxdæla saga
 1935 Íf. IV: Eyrbyggja saga
 1936 Íf. VII: Grettis saga
 1938 Íf. III: Borgfirðinga sögur
 1939 Íf. VIII: Vatnsdæla saga
 1940 Íf. X: Ljósvetninga saga
 1941 Íf. XXVI: Heimskringla I
 1943 Íf. VI: Vestfirðinga sögur
 1945 Íf. XXVII: Heimskringla II
 1950 Íf. XI: Austfirðinga sögur
 1951 Íf. XXVIII: Heimskringla III
 1954 Íf. XII: Brennu-Njáls saga
 1956 Íf. IX: Eyfirðinga sögur
 1959 Íf. XIV: Kjalnesinga saga
 1965 Íf. XXXIV: Orkneyinga saga
 1968 Íf. I: Íslendingabók
 – Landnámabók
 1982 Íf. XXXV: Danakonunga sögur
 1985 Íf. XXIX: Ágrip af Nóregskonunga sögum
 – Fagreskinna
 1991 Íf. XIII: Harðar saga
 1998 Íf. XVII: Biskupa sögur III
 2002 Íf. XVI: Biskupa sögur II
 2003 Íf. XV: Biskupa sögur I
 2006 Íf. XXV: Færeyinga saga
 – Óláfs saga Odds
 2007 Íf. XXX: Sverris saga
 2011 Íf. XXIII–XXIV: Morkinskinna I–II
 2013 Íf. XXXI–XXXII: Hákonar saga I–II
 2014 Eddukvæði I–II
 2018 Íf. XXXIII: Jónsvíkinga saga

Skra yfir útgefendur

Íslenskra fornrita (nr. binda í sviga)

Ármann Jakobsson (XXIII, XXIV)
 Ásdís Egilsdóttir (XVI)
 Bjarni Aðalbjarnarson (XXVI, XXVII, XXVIII)
 Bjarni Einarsson (XXIX)
 Bjarni Guðnason (XXXV)
 Bjarni Vilhjálmsson (XIII)
 Björn Sigfússon (X)
 Björn K. Þórólfsson (VI)
 Einar Ól. Sveinsson (IV, V, VIII, XII)
 Finnboði Guðmundsson (XXXIV)
 Guðni Jónsson (III, VI, VII)
 Guðrún Ása Grímsdóttir (XVII)
 Jakob Benediktsson (I)
 Jóhannes Halldórsson (XIV)
 Jón Jóhannesson (XI)
 Jónas Kristjánsson (IX, Eddukvæði I–II)
 Marteinn Helgi Sigurðsson (XXXIII)
 Matthías Þórðarson (IV)
 Ólafur Halldórsson (XV, XXV; IV)²
 Peter Foote (XV)
 Sigurður Nordal (II, III)
 Sigurgeir Steingrímsson (XV)
 Sverrir Jakobsson (XXXI, XXXII)
 Tor Ulset (XXXI, XXXII)
 Vésteinn Ólason (Eddukvæði I–II)
 Þorleifur Hauksson (XXX, XXXI, XXXII, XXXIII)
 Þórður Ingi Guðjónsson (XXIII, XXIV)
 Þórhallur Vilmundarson (XIII)

www.hib.is

Pantanir í netfang: hib@hib.is

Pantanir í síma: 588 9060

¹ Aðeins eru talin aðalheiti bindanna, langflest hafa að geyma margar aðrar sögur (og þætti) að auki.

² Árið 1985 gaf Ólafur út Viðauka við 4. bindi Íslenskra fornrita (1935). Það var útgáfa á texta Eiríks sögu rauða í AM 557 4to (Skálholtsbók).





ÍSLENDINGABÓK LANDNÁMABÓK


Íslensk fornrit I

Jakob Benediktsson gaf út með inngangi og skýringum.

ISBN 9979-893-00-1
cliv + 525 bls.

Íslendingabók. „Ari hinn fróði Þorgilsson Gellissonar ritaði fyrstur manna hér á landi að norrænu máli fræði bæði forna og nýja,“ segir Snorri Sturluson í Heimskringlu. „Þykir mér hans frásögn öll merkilegust.“ Í formála kveðst Ari fyrst hafa gert Íslendingabók að frumkvæði biskupanna Þorláks Runólfssonar og Ketils Þorsteinssonar og einnig sýnt hana Sæmundi presti hinum fróða. Hafi hann síðan endurskrifað bókina, en sleppt úr henni „áttartölu og konungaævi“, þ.e. íslenskum ættartölum og ævisögum Noregskonunga. Fyrri gerð bókarinnar er glötuð, en Snorri hefur hagnýtt „konungaævina“ í Heimskringlu. En yngri gerðin hefur varðveist vel. Hún er samin um 1130 og geymir sögu Íslands frá landnámi fram til dauða Gissurar biskups Ísleifssonar 1118. Þetta er stutt en frábærlega traust heimildarrit. Ari stýðst við frásagnir manna sem hann vissi að voru spakir og „langt mundu fram“. Hann kann að telja alla lögsögumenn frá Hrafní Hæggssyni sem tók lögsögu 1030 og skorðar tímatal atburða við embættisár þeirra. En mesta áherslu leggur hann á kristnitökuna árið 1000 og sögu fyrstu biskupanna í Skálholti, Ísleifs Gissurarsonar og Gissurar sonar hans.

Landnámabók telur helstu landnámsmenn Íslands, segir hvar þeir námu land og greinir nokkuð frá uppruna þeirra og afkomendum. Bókin var sett saman á fyrra hluta 12. aldar, og mun Ari fróði hafa verið riðinn við hina fyrstu gerð, en hún er nú löngu glötuð. Elstu varðveittar gerðir Landnámu eru frá síðara hluta 13. aldar og frá 14. öld, en þær eru mjög auknar með nýjum ættartölum og frásögnum af ýmsu tagi. Elst er Sturlubók, sett saman af Sturlu Þórðarsyni lögmanni (d. 1284). Næst er Hauksbók, gerð af Hauki lögmanni Erlendssyni (d. 1334). Kveðst Haukur hafa ritað sína Landnámabók „eftir þeirri bók sem ritað hafði herra Sturla lögmaður [...] og eftir þeirri bók annarri er ritað hafði Styrmir hinn fróði“. Styrmir lést 1245, en Landnámabók hans er glötuð. Þriðja forna gerðin, Melabók, er aðeins varðveitt í brotum, og er það mikið mein því að hún hefur að mörgu leyti staðið næst frumtextanum. – Sumt af viðaukum Sturlubókar (og Hauksbókar) er sótt í kunnar heimildir, til að mynda Íslendingasögur (Egils sögu, Eyrbyggju, Vatnsdælu o.fl.). En hin upprunalega Landnáma hefur verið gagnorð og traust heimild í líkingu við Íslendingabók. Sagt hefur verið, að þótt frumtextinn sé víða óvís eða glataður með öllu, séu þær gerðir Landnámabókar sem enn eru til merkustu heimildir sem nokkur þjóð á um uppruna sinn.



EGILS SAGA SKALLA-GRÍMSSONAR

Íslenzk fornrit II

Sigurður Nordal gaf út með inngangi og skýringum.

ISBN 9979-893-01-X

cv + 319 bls.

ásamt 6 myndasíðum.

Egill var sonur landnámsmannsins Skalla-Gríms, höfðingi Borgfirðinga á tíundu öld, vopnagarpur og víkingur og mesta nafngreint skáld Íslands á fornum tímum. Honum er fylgt frá vöggju til grafar, og ævisaga hans er eitt ágætasta listaverk meðal íslenskra fornbókmennta. Sagan styðst við vísur og kvæði eftir Egil og vafalaust einnig við fornar munnmælasagnir, en höfundur sögunnar bætir einnig miklu við frá eigin brjósti. Fróðleikur og list, raunsæi og skáldskapur vega salt í réttu jafnvægi. Á þessu leyti svipar Egils sögu mjög til Heimskringlu, enda hefur þess fyrir löngu verið til getið að Snorri Sturluson sé höfundur beggja ritanna. Bent hefur verið á fjölmörg einkenni í stíl og orðavali sem sameiginleg eru báðum ritunum (og einnig Snorra-Eddu). Í báðum kemur fram sami hæfileiki til að bregða upp ljóslifandi myndum, og iðulega er teft fram tveimur andstæðingum sem skiptast á skoðunum eða preyta kappræður. Höfundi tekst með einstakri snilli að flytja mál þess sem talar hverju sinni svo að áheyrandi hlýtur að snúast á hans band. Í öðrum fornsögum er hvergi að finna neitt sem líkast fortöluræðum Heimskringlu og Eglu eða stenst samjöfnuð við þær.

Egils saga er heimildarrit að hætti síns tíma, en jafnframt bókmenntaverk sem lýtur lögmálum listarinnar. Tvívegis lendir Egill í miklum þrengingum, en bjargast í bæði skiptin fyrir kraft skáldskapar síns. Fjandmenn hans, Eiríkur konungur blóðöx og Gunnhildur drottning, hyggjast taka líf hans í Jörvík, en þá leysir hann höfuð sitt með því að yrkja á einni nóttu tvítuga lofdrápu um konunginn. Og þegar hann sjálfur ætlar að svipta sig lífi eftir missi Böðvars sonar síns, fær Þorgerður dóttir hans talið hann á að yrkja erfkviðu, en við það mýkjast harmar hans og hann yrkir sig í sátt við guðina sem hafa rænt hann sonum sínum. Sonatorrek hefur varðveist með sögunni og er eitt hið máttugasta snilldarverk íslenskra ljóðbókmennta.

Egill Skalla-Grímsson er stórbrotnasti maður sem lýst er í íslenskum fornsögum og þótt víðar væri leitað. Hann er að ásýnd líkur föður sínum og föðurföður, mikill vexti, ofríður sýnum og snemma skóllóttur, og frá þeim erfir hann tröllskap og hamremmi. En undir niðri á hann einnig glæsileik Þórólfa, bróður síns og föðurbróður. Undir feldi sínum dreymir hann um konuna vænu sem glæsimeinni Þórólfr hefur áður átt – og fær hennar með tilstyrk vinarins. Óðinn hefur gefið honum íþrótt skáldskapar til að leysa höfuð sitt og til að huggast í hörmum eftir bróður og syni. Egill Skalla-Grímsson er mögnuð samsteypa af dýrlegum ruddaskap, mannlegri viðkvæmni og guðdómlegri andagift.



BORGFIRÐINGA SÖGUR

Íslensk fornrit III

HÆNSA-PÓRIS SAGA

GUNNLAUGS SAGA ORMSTUNGU

BJARNAR SAGA HÍTDÆLAKAPPA

HEIÐARVÍGA SAGA

GÍSL ÞÁTTUR ILLUGASONAR

Sigurður Nordal og Guðni Jónsson gáfu út með inngangi og skýringum.

ISBN 9979-893-02-8

clvi + 365 bls.

ásamt 6 myndasíðum.

Hænsa-Póris saga greinir frá atburðum sem gerðust á árunum 961–65, en mun rituð seint á 13. öld. Hænsa-Pórir var maður óvinsæll sem auðgaðist af kaupskap, meðal annars sölu hænsna. Hann brennir inni ágætán höfðingja af litlu tilefni og hlýtur fyrir það makleg málagjöld. Sagan er snotur og vel sögð og efnið átakanlegt.

Gunnlaugs saga ormstungu er rituð seint á 13. öld. Hún hefst á spádraumi Þorsteins Egilssonar á Borg. Óborin dóttir hans, Helga hin fagra, birtist í drauminum sem væn álf, en ermir tveir berjast um hana með beittum klóm; þeir tákna skáldin Gunnlaug ormstungu og Hrafn Önundarson sem síðar berjast um ástir Helgu. Þetta er snilldarleg rómantísk harm-saga sem hefur jafnan notið mikilla vinsælda bæði heima og erlendis.

Bjarnar saga Hítðælakappa líkist Gunnlaugs sögu að efni, en er miklu frumstæðari að list og mun rituð alllöngu áður. Hér eru það skáldin Björn Arngeirsson og Þórður Kolbeinsson sem keppa um ástir hinnar fögru Oddnýjar eykyndils. Sagan er höll Birni, en Þórður hreppir konuna og stendur að lokum yfir höfuðsvörðum andstæðingsins.

Heiðarvígá saga er að mörgu leyti frumstæð og fornleg enda oft talin elst allra Íslendinga-sagna. Fyrri hluti sögunnar hermir frá Vígá-Styr, miklum ójafnaðarmanni sem fær makleg málagjöld er ungur sveinn vegur hann til hefnda eftir föður sinn. Í síðara hluta sögunnar segir frá ófriði milli Húnvetninga og Borgfirðinga og mikilli orrustu sem þeir háðu á heiðinni milli héraða. Sagan er illa varðveitt, og er fyrri hlutinn aðeins til í endursögn Jóns Ólafssonar úr Grunnavík.

Gísli þáttur Illugasonar greinir frá því hversu söguhetjan hefnir föður síns og vegur Gíafvald, hirðmann Magnúsar berfætts Noregskonungs. Íslendingar í Noregi styðja Gísl dyggilega undir forystu Teits, sonar Gissurar Skálholtsbiskups, og Jóns Ögmundarsonar er síðar var biskup á Hólum. Um síðir kemst Gísl í sátt við konunginn og skipar rúm Gíafvalds við hirðina. Þetta er fögur dæmisaga um dirfsku og staðfestu, drengskap og vináttu.



EYRBYGGJA SAGA

Íslensk fornrit IV

EYRBYGGJA SAGA
BRANDS ÞÁTTUR ÖRVA
EIRÍKS SAGA RAUÐA
GRÆNLENDINGA SAGA
GRÆNLENDINGA ÞÁTTUR

Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson gáfu út með inngangi og skýringum. Ólafur Halldórsson gaf út viðauka við 2. ljósprentun.

ISBN 9979-893-03-6

xcvi + 439 bls.

ásamt 6 myndasíðum.

Eyrbyggja saga er í handritum kölluð fullu nafni „Saga Þórsnesinga, Eyrbyggja og Álft-firðinga“, og bendir það til þess hve hún kemur víða við hjá ættum Snæfellinga, enda er hún nokkuð margbrotin. En einn maður tengir þó söguna saman næstum frá upphafi til enda; það er Snorri goði Þorgírmsson, mesti höfðingi Snæfellinga um sína daga fyrir og eftir 1000. Snorri kemur víða við sögur, auk Eyrbyggju mest við Laxdælu, og er hvarvetna lýst mjög á sama veg: hann er djúpvitur maður og ráðslyngur og ber herra hlut í öllum deilumálum. Einstakir þættir sögunnar eru meistaralega sagðir, og þeir sem sökkva sér niður í Eyrbyggju meta hana flestum sögum meir.

Brands þáttur örva er lítil perla meðal fornra íslenskra smásagna; dæmisaga um óþrotlegt örlæti manns sem um síðir áminnir þiggjandann með táknrænum hætti, enda ætlunin aðeins að prófa hvort Brandur beri auknefni sitt með rentu.

Eiríks saga rauða og **Grænleendinga saga** eru samstæðar að því leyti að þær segja báðar frá fundi og byggingu Grænlands og síðan frá siglingum til Vínlands hins góða. Í þýðingum eru þær oft nefndar einu nafni Vínlandssögurnar. Þeim ber ekki saman um það hver fyrstur hafi fundið hin nýju lönd í vestri: samkvæmt Eiríks sögu var það Leifur heppni Eiríksson, en samkvæmt Grænleendinga sögu Bjarni Herjólfsson, sem ekki er getið í Eiríks sögu, en Leifur fer síðan og kannar löndin. Þannig er sögunum farið að öðru leyti, þær hafa sumt sameiginlegt en annað frábrugðið. Er líklegt talið að þær hafi verið ritaðar hvor í sínu lagi eftir munnmælasögnum sem nokkuð hafi gengist í minni manna á þeim langa tíma sem leið milli atburða og skrásetningar. Sögurnar greina frá afrekum mikilla sægarpa og eru meginheimildir um merkilega atburði í sögu mannkynsins.

Grænleendinga þáttur gerist í upphafi 12. aldar og er líklega færður í letur aðeins svo sem öld síðar. Hann er sannfróð söguleg heimild og segir frá átakanlegum deilum sem urðu með höfðingjum á Grænlandi.



LAXDÆLA SAGA

Íslensk fornrit V

LAXDÆLA SAGA

HALLDÓRS ÞÆTTIR SNORRASONAR

STÚFS ÞÁTTUR

Einar Ól. Sveinsson gaf út með inngangi og skýringum.

ISBN 9979-893-05-2


xcvi + 318 bls.

ásamt 6 myndasíðum.

Laxdæla saga segir frá ástum og vígaferlum fólks í Laxárdal í Döllum fyrir og eftir aldamótin 1000. Hún er sannfræðileg að því leyti að hún segir frá alkunnu fólki og styðst sýnilega við miklar munnmælasagnir. En jafnframt ber hún í lýsingum augljós merki riddarasagna sem þýddar voru úr frönsku á dögum Hákonar konungs gamla á 13. öld, og því er talið að sagan muni rituð nær miðbiki þeirrar aldar. Í upphafi sögunnar er sagt frá landnámi Auðar djúp-úðgu og síðan frá niðjum hennar, en allt stefnir að uppruna og viðgangi hins göfga höfðingja Ólafs pá í Hjarðarholti. Síðan koma til sögu Kjartan sonur hans og Bolli frændi hans og fóstursonur, og með ástum Kjartans og Guðrúnar Ósvífursdóttur tekur að hitna í kolunum. Guðrún er síðan sá meginás sem sagan hverfist um. Bolli ann henni einnig og fær hennar með nokkrum óheilindum. Þegar Kjartan kemur heim úr Noregsförl og spyr gjaforð Guðrúnar taka ástir þeirra hamskiptum, og úfar rísa með frændum og forvinum. Að eggjan Guðrúnar sitja bræður hennar og bóndi fyrir Kjartani fálíðuðum, og Bolli veitir honum banasár. En hvert víg kallar á hefnd. Bræður Kjartans fara með lið á hendur Bolla og vega hann þar sem hann er einn fyrir í seli með Guðrúnu; og í fyllingu tímans hefna synir þeirra föður síns og vega þann sem veitti honum banasár og þerrði blóð af spjóti sínu á blæju Guðrúnar. Sjálf lifir hún sína fjóra eiginmenn sem henni höfðu birst í táknrænum draumi á ungum aldri. Þegar hinn glæsti sonur hennar, Bolli Bollason, spyr hverjum manni hún hafi mest unnað, svarar hún með fleygustu orðum íslenskrar tungu: „Þeim var ég verst er ég unni mest.“

Halldórs þættir Snorrasonar eru auðkenndir I og II eða hinn fyrri og hinn síðari. Fyrri þátturinn er fremur sviplítill saga sem segir frá skiptum Halldórs við Einar þambarskelfi og Bergljótu konu hans. En síðari þátturinn er meðal gimsteina íslenskrar sagnalistar. Halldór fór á ungum aldri með Haraldi Sigurðarsyni suður til Miklagarðs og leysti þar ýmsar þrautir með konungsefninu sem um má lesa í Morkinskinnu og Heimskringlu. Í þættinum er því lýst hversu vinátta þeirra kólnar smám saman eftir heimkomuna til Noregs. Þverlyndi Halldórs og kappgirni stangast við konunglegan metnað sem þróast með Haraldi eftir að hann er sestur á veldisstólinn.

Stúfs þáttur er varðveittur í tveim gerðum, bæði sem sjálfstæð saga og sem innskot í konungasögur. Þetta er skemmtileg saga um rogginn Íslending sem stendur vel fyrir sínu við hirð Haralds konungs Sigurðarsonar.



VESTFIRÐINGA SÖGUR

Íslenzk fornrit VI

GÍSLA SAGA SÚRSSONAR
FÓSTBRÆÐRA SAGA
ÞÁTTUR ÞORMÓÐAR
HÁVARÐAR SAGA ÍSFIRÐINGS
AUÐUNAR ÞÁTTUR VESTFIRZKA
ÞORVARÐAR ÞÁTTUR KRÁKUNEFS

Björn K. Þórólfsson og Guðni Jónsson gáfu út með inngangi og skýringum.

ISBN 9979-893-06-0
cxi + 394 bls.
ásamt 5 myndasíðum.

Gísla saga Súrssonar er ein hin vinsælasta í flokki hinna skemmrí Íslendingasagna. Efnið er harmsögulegt og þó kímni blandið, áhrifameira vegna þess að við eigast nánir ættingjar, venslamenn og vinir. Gísli vegur mág sinn til hefnda eftir annan mág, er dæmdur sekur skógarmaður og þolir útleið lengst allra Íslendinga næstur Gretti, ofsóttur af fjandönum uns hann er felldur eftir frækilega vörn. Hann er skáld gott og yrkir um andstreymsitt og illa drauma, en kona hans Auður veitir honum styrk og fylgir honum að síðustu í útleiðinni af óbilandi tryggð.

Fóstbræðra saga segir frá Þorgeiri Hávarssyni og Þormóði Kolbrúnarskáldi. Þeir sórust á ungum aldri í fóstbræðralag og hétu því „að sá þeirra skyldi annars hefna er lengur lifði“. Þormóður er skáld og ásthneigður, en Þorgeir óspektarmaður og vegur menn af litlu tilefni. Eftir víg Þorgeirs fer Þormóður til Grænlands að hefna hans og lendir þar í miklum ævin-týrum. Hann er giftumaður og áform hans ná fram að ganga – einnig sú ósk að hann fái að falla á Stiklarstöðum með konungi sínum, Ólafi helga, en í frásögninni af dauða Þormóðar rís list sögunnar hæst.

Þáttur Þormóðar segir frá því hversu Þormóður Kolbrúnarskáld komst á fund Knúts ríka Danakonungs og síðan Ólafs helga Noregskonungs. Þátturinn er að mestu óháður Fóstbræðra sögu. Hann er varðveittur í Flateyjarbók og einnig í Elstu sögu (Helgisögu) Ólafs helga, og sýnir það að hann er ærið forn.

Hávarðar saga Ísfirðings er blandin ýkjum fornaldarsagna og vafalaust frá yngsta skeiði Íslendingasagna á 14. öld. Persónur skiptast í tvo flokka, illar og góðar. Varmennið Þorbjörn vegur Ólaf bjarnyl, son Hávarðar, en faðirinn hefnir sonarins með vaskleik eftir að hafa legið sorgfullur í rekkju sinni í þrjá vetur.

Auðunar þáttur vestfirzka er einn hinn frægasti og snjallasti allra Íslendingaþátta. Þetta er dæmisaga um þrautseigan mann og trygglyndan sem stenst hættur og mannaunir til að fullkomna sitt ætluunarverk, hlýtur að verðleikum stórgjafir af erlendum konungum, en jafnar metin fullkomlega með sinni eigin gjöf að sögulokum.

Þorvarðar þáttur krákunefs er einnig dæmisaga um Íslending sem færir erlendum konungi ríkulega gjöf, en hlutverkaskipan er önnur og ekki heldur jafn haglega lagt á vogarskálarnar sem í Auðunar þætti.



GRETTIS SAGA ÁSMUNDARSONAR

Íslensk fornrit VII

GRETTIS SAGA ÁSMUNDARSONAR
BANDAMANNA SAGA
ODDS ÞÁTTUR ÓFEIGSSONAR


Guðni Jónsson gaf út með inngangi og skýringum.

ISBN 9979-893-07-9
civ + 407 bls.
ásamt 6 myndasíðum.

Grettis saga Ásmundarsonar er ævisaga frægasta útlaga Íslands. Grettir er óstýrilátur í bernsku og kastar fram kersknívissum. Þegar hann vex úr grasi gerist hann allra manna sterkastur og fræknastur, berst við berserki, tröll og afturgöngur og léttir með því prautum margra. En ofsi hans og ofmetnaður ganga úr hófi fram, og mesta afrek hans verður jafnframt hans mesta ógæfa: Hann fellir Glám hinn afturgengna, en draugurinn nær að biðja honum forbæna, og eftir það er hann heillum horfinn. Hann siglir utan til Noregs og vinnur þar afrek, en verður óviljandi valdur að húsbruna þar sem farast íslenskir menn. Þegar hann kemur heim til Íslands biðja hans þrenn ótíðindi: Faðir hans er andaður, Atli bróðir hans veginn og hann sjálfur gerður sekur skógarmaður á alþingi. Eftir það er hann á stöðugum hrakningi um landið, hrjáður af myrkrhæðslu og ofsóttur af fjendum sínum. En í öllum þrengingum varðveitir hann kuldalega gamansemi og lætur fjúka spakmæli og kviðlinga, og oft nýtur hann stuðnings höfðingja í byggð eða hálftrölla í jökulheimum. Síðustu ár sín hefst hann við úti í Drangey ásamt Illuga, ungum bróður sínum, og þar er hann unninn með svikum og gjörningum.

Bandamanna saga gerist að miklu leyti á alþingi og er líklega rituð í lok Sturlungaaldar, gamansöm ádeila á fégræðgi og spillingu íslenskra höfðingja. Þeir ganga í bandalag til að klófesta auðæfi ungs kaupmanns, Odds Ófeigssonar. Horfir í fyrstu óvænlega fyrir Oddi, uns karl faðir hans kemur honum til bjargar, fær höfðingjana hvern af öðrum til fylgis við sig með skjalli og fémútum og teflir þeim síðan hverjum gegn öðrum uns brögð þeirra renna út í sandinn.

Odds þáttur Ófeigssonar segir frá hinum sama Oddi sem Bandamanna saga, en tengist sögunni aðeins að því leyti að Oddur er farmaður góður í þeim báðum. Þetta er skemmtileg saga og hefur m.a. haft áhrif á Njálu í frásögninni af því er Þráinn Sigfússon leynir Hrappi á skipi sínu.



VATNSDÆLA SAGA

Íslenzk fornrit VIII

VATNSDÆLA SAGA
HALLFREDAR SAGA
KORMÁKS SAGA
HRÓMUNDAR ÞÁTTUR HALTA
HRAFNS ÞÁTTUR GUÐRÚNARSONAR

Einar Ól. Sveinsson gaf út með inngangi og skýringum.

ISBN 9979-893-08-7
cxxiii + 356 bls.
ásamt 6 myndasíðum.


Vatnsdæla saga er ættarsaga Vatnsdæla frá landnámi Ingimundar gamla um 900 fram til dauða Þorkels kröflu í upphafi 11. aldar. Höfundur sýnir hneigð til að skipta söguhetjum í flokka. Sumir eru vitrir og göfgir (Ingimundur, Þorsteinn sonur hans og Þorkell krafla dóttursonar-sonur hans); aðrir eru óspakir og flasfengnir (Bergur rakki, Jökull Ingimundarson), enn aðrir illir og göldröttir (Þórólfur sleggja, Hrolleifur mikli og Ljót móðir hans). Sagan skerst í hóp yngri sagna með ýkjum sínum og grunnnum mannlýsingum, en þó hlýtur hún að vera nokkuð gömul því að endursögn hennar er í Sturlubók Landnámu.

Hallfreðar saga greinir frá skrykkjóttum ástum Hallfreðar og Kolfinnu Ámundadóttur, en öðrum þræði gerist sagan erlendis og segir meðal annars frá skiptum Hallfreðar við Ólaf konung Tryggvason. Hallfreður var skáld konungsins og orti um hann fræga erfidrápu. Sagan er gamansöm og ágætavel sögð. Hún tengist ýmsum öðrum fornsögum, meðal annars Heimskringlu, og hefur verið talið að hún sé eldri en Heimskringla og hafi Snorri notað hana.

Kormáks saga er skyld Hallfreðar sögu að efni. Báðir sögugarnirnir eiga sér ástkonur og yrkja um þær skrautlegar vísur, en sýna kynlega ófýsi til að kvænast þeim. Almennt er talið að Kormáks saga sé eldri og hafi haft áhrif á yngri söguna. Sú skoðun hefur komið fram að Kormáks saga muni vera hreint skáldverk og vísurnar ortar sem þáttur í frásögninni. Fleiri telja þó að vísurnar séu fornar, líklega með réttu eignaðar Kormáki, og sagan sé spunnin út frá efni þeirra.

Hrómundar þáttur halta greinir frá hrikalegum atburðum sem gerðust í Hrítafirði seint á 10. öld. Hrómundur þjófkennir flokk yfirgangssamra austmanna og lætur dæma þá seka á alþingi. Þeir sækja hann heim á bæ hans og fella hann eftir frækilega vörn; austmenn falla sumir en aðrir flýja fyrir Hallsteini syni Hrómundar sem uppi stendur. Í þættinum eru þrjár vísur eignaðar Hrómundi. Í Landnámu er ágríp þáttarins, og þar eru fleiri vísur en í sjálfum þættinum. Bendir það til að hann kunni að vera stytur í sinni varðveittu gerð.

Hrafns þáttur Guðrúnarsonar er dæmisaga um góðan dreng sem ratar í raunir, en sleppur þó óskaddaður með tilstyrk góðra vina. Að lokum nýtur hann sjálfs Ólafs helga sem birtist Magnúsi syni sínum framliðinn í draumi.



EYFIRÐINGA SÖGUR

Íslenzk fornrit IX

VÍGA-GLÚMS SAGA
ÖGMUNDAR ÞÁTTUR DYTTS
ÞORVALDS ÞÁTTUR TASALDA
SVARFDÆLA SAGA
ÞORLEIFS ÞÁTTUR JARLSSKÁLDS
VALLA-LJÓTS SAGA
SNEGLU-HALLA ÞÁTTUR
ÞORGRÍMS ÞÁTTUR HALLASONAR

Jónas Kristjánsson gaf út með inngangi og skýringum.

ISBN 9979-893-09-5

cxix + 324 bls.

ásamt 6 myndasíðum.

Víga-Glúms saga gerist á 10. öld en er rituð á fyrra hluta 13. aldar. Sagan fylgir hetju sinni frá bernsku til grafar. Glúmur er seinn í æsku og sætir yfiringangi af hálfu venslamanna. Hann siglir utan til Noregs, sækir heim móðurföður sinn og drýgir hetjudáð. Þegar til Íslands kemur fellir hann fjandmann sinn og hefst til metorða heima í héraði. Í tuttugu vetur er hann síðan mestur höfðingja í Eyjafirði og aðra tuttugu svo að engir voru meiri en til jafns við hann. Hann beitir ýmsum ráðum til að halda völdum og varðveita frið, en biður að lokum ósigur er upp kemst að hann hefur svarið tvíráðan eið. Hrekest hann út í Öxnadal og andast þar blindur í hárrí elli, þrem vetrum eftir kristnitöku.

Ögmundar þáttur dytts segir frá kænlegri hefnd Ögmundar, frænda Víga-Glúms, fyrir svívirðu sem honum var gerð úti í Noregi. En merkastur þykir þátturinn fyrir það að honum fylgir frásögn um Gunnar helming þar sem lýst er Freysdyrkun í Svíþjóð.

Svarfdæla saga er héraðssaga Svarfdæla á 10. öld og greinir frá miklum deilum og vígaferlum. Í sinni varðveittu mynd er sagan ung og ýkjufull, en geymir ýmis forn og merkileg minni, m.a. átakanlegar frásagnir af hinni ógæfusómu Yngvildi fagurkinn.

Þorleifs þáttur jarlsskálds tengist Svarfdælu, því að Þorleifur var bróðir Yngvildar fagurkinnar. Þátturinn er fremur unglegur, ritaður um 1300 eða á fyrra hluta 14. aldar. Hann geymir ýmis ævintýraleg minni, og er það frægast að Þorleifur kveður kvæðið Jarlsníð um Hákon jarl Sigurðarson (d. 995) og veldur með því mögnuðum gerningum í höllu jarls.

Valla-Ljóts saga er eins konar framhald Svarfdælu, greinir frá deilum Eyfirðinga og Svarfdæla, einkum Guðmundar ríka á Möðruvöllum og Ljóts Ljótólfssonar á Völlum.

Sneglu-Halla þáttur er bráðfyndinn og skemmtilegur. Hann er varðveittur í tveimur mismunandi gerðum í Morkinskinnu og Flateyjarbók. Hann hermir frá vist Halla við hirð Haralds harðráða, skiptum hans við konunginn og hirðmenn hans. Halli er orðheppinn og ráðslyngur og ber jafnan hærra hlut við hvern sem hann á að skipta.

Þorvalds þáttur tasalda og **Þorgríms þáttur Hallasonar** lýsa skörulegri framgöngu Íslendinga með konungum í Noregi.



LJÓSVETNINGA SAGA

Íslensk fornrit X

LJÓSVETNINGA SAGA MEÐ ÞÁTTUM
REYKDÆLA SAGA OG VÍGA-SKÚTU
HREIDARS ÞÁTTUR

Björn Sigfússon gaf út með inngangi og skýringum.

ISBN 9979-893-10-9

xcv + 282 bls.

ásamt 5 myndasíðum.

Ljósvetninga saga er varðveitt í tveimur gerðum, eldri gerð sem aðeins er til í brotum og yngri gerð sem er samfelld en aukin nokkrum sjálfstæðum þáttum sem varla hafa verið í frumgerðinni. Þannig er sagan illa varðveitt, og auk þess mun hún frá upphafi hafa verið óhagleg í sniðum og samsett af þremur mjög svo sundurleitum hlutum. Í fyrsta hluta segir frá deilum manna vegna óspektarmanns er Sölmundur hét. Í miðhlutanum segir frá því er Þórir Helgason á Laugalandi í Hörgárdal og Þorkell hákur á Öxará, sonur Þorgeirs goða á Ljósavatni, komu á flot illmæli um Guðmund ríka á Möðruvöllum. Lýkur svo að Guðmundur fer að Þorkatli og fellir hann eftir vasklega vörn. Í síðasta hluta sögunnar segir frá margvíslegum ófriði milli yngri kynslóða, niðja Guðmundar ríka og Þorgeirs goða. Talið hefur verið að sagan muni rituð um eða eftir miðja 13. öld. En síðustu atburðir hennar gerast eftir miðja 11. öld, og teygist hún þannig nær í tíma en títt er um Íslendingasögur. Svipmót hennar við samtíðarsögur (Sturlungasögur og konungasögur) og tengsl við persónur þeirra, svo og frumstæð úrvinnsla úr munnmælasögnum, bendir til að hún kunni að vera með elstu Íslendingasögum, rituð á öndverðri 13. öld.

Reykðæla saga gerist á svipuðum slóðum sem Ljósvetninga saga en fyrr í tíma, á 10. öld, og því snertast sögurnar lítt. Reykðæla skiptist nokkuð glögglega í tvo hluta, og er fyrri hlutinn stundum kenndur við Vémund kögur (1.–16. kap.), en síðari hlutinn við Víga-Skútu (17.–30. kap.). Önnur aðalpersóna í fyrra hlutanum er móðurbróðir ribbaldans Vémundar, Áskell goði, sem jafnan reynir að koma á sættum og leynir banasári sínu til að firra vand-ræðum; göfugur heiðingi mótaður af söguhöfundi eftir kristnum siðaboðum. Sagan skiptist ekki aðeins í tvo meginakfla heldur og í marga smáþætti sem eru blábráðum tengdir og því líkir að vera böngulega samdir eftir munnmælasögnum. Aldur sögunnar er óvís, en frumstæð gerð hennar og tíðar vísanir til munnmælasagna eru hvort tveggja fornleg einkenni.

Hreiðars þáttur er ein af perlum fornþekktanna. Hreiðar er heimóttarlegur íslenskur þiiltur sem leitar frama við hirið Noregskonungs en er hafður þar að spotti. Hann virðist fákænn en veit þó sínu viti undir niðri, enda reynist hann afreksmaður í mörgum greinum og mannast svo sem á söguna líður. Þó skilur hann að honum hentar best að hverfa heim í Svarfaðardal þar sem hann „gerist mikill maður fyrir sér“ og býr til elli.



AUSTFIRÐINGA SÖGUR

Íslensk fornrit XI

ÞORSTEINS SAGA HVÍTA
VOPNFIRÐINGA SAGA
ÞORSTEINS ÞÁTTUR STANGARHÖGGS
ÖLKOFRA ÞÁTTUR
HRAFNKELS SAGA FREYSGOÐA
DROPLAUGARSONA SAGA
BRANDKROSSA ÞÁTTUR
GUNNARS ÞÁTTUR ÞÍDRANDABANA
FLJÓTSÐÆLA SAGA
ÞORSTEINS SAGA SÍÐU-HALLSSONAR
DRAUMUR ÞORSTEINS SÍÐU-HALLSSONAR
ÞORSTEINS ÞÁTTUR AUSTFIRÐINGS
ÞORSTEINS ÞÁTTUR SÖGUFRÓÐA
GULL-ÁSU-ÞORÐAR ÞÁTTUR

Jón Jóhannesson gaf út með inngangi og skýringum.

ISBN 9979-893-11-7

cxx + 379 bls.

ásamt 6 myndasíðum.

Þorsteins saga hvíta hefst á landnámsöld, en er seint rituð, gerð til fyllingar framan við Vopnfirðinga sögu. Meginefnið eru kvonarmál Þorsteins fagra, löguð eftir Bjarnar sögu Hítðælakappa og Gunnlaugs sögu ormstungu.

Vopnfirðinga saga er meðal snjallari Íslendingasagna, átakanleg harmsaga sem lýsir deilum og vígaferlum náinna mága, frænda og fóstura: Brodd-Helga á Hofi og Geitis í Krossavík og síðan sonanna Bjarna á Hofi og Þorkels Geitissonar. En hún er jafnframt dæmisaga um umburðarlyndi og manngæsku sem sigrar að sögulokum.

Þorsteins þáttur stangarhöggs er ein hinna skáldlegu fornu smásagna, byggð á lýsingu Vopnfirðinga sögu af höfðingjanum Bjarna Brodd-Helgasyni. Þorsteinn stangarhogg vegur tvo heimamenn Bjarna til hefnda fyrir áreitni. Bjarni skorar Þorstein til einvígis, og þegar hann hefur sannprófað ágæti unga mannsins gefur hann honum upp sakir og ræður hann í þjónustu sína.

Hrafnkels saga Freysgoða er frægust allra Austfirðinga sagna. Þetta er djúpsæ sálarlífs-saga um garpinn sem vinnur þungbæran eið og fellur á ofdrambi sínu, stillist síðan af biturri reynslu og gerist „gæfur og hægur“, en hefnir sín þó þegar færi gefst svo að fullt jafnvægi kemur fram að sögulokum. Um uppruna og eðli Hrafnkels sögu hafa verið skiptar skoðanir og afar lífflegar umræður meðal fræðimanna.

Droplaugarsona saga mun vera elst hinna austfirsku sagna og líklega með hinum elstu Íslendingasögum, rituð á fyrra hluta 13. aldar. Frægur í annálum er bardaginn í Eyvindardal þegar Helgi Ásbjarnarson fellir nafna sinn Droplaugarson. Af hinum varðveitta texta sögunnar að dæma hefur höfundur hennar stuðst við fornar munnmælasagnir.

Í *Austfirðinga sögum* eru ýmsar fleiri sögur, styttri og lengri, sem nefndar skulu stuttlega:

Ölkofra þáttur er gamansöm ádeila á réttararið í landinu og fégræðgi höfðingja.

Brandkrossa þáttur er eins konar framhald Droplaugarsona sögu. Þátturinn er ritaður til að skýra nánar uppruna sögugarpanna.

Gunnars þáttur Þiðrandabana segir frá austmanni sem varð að bana Þiðranda Geitissyni úr Krossavík. Þorkell bróðir Þiðranda er til eftirmáls, en Þiðrandi er sendur vestur á land til Guðrúnar Ósvífursdóttur sem reynist honum vel og forðar honum utan. Í Laxdælu er endursagt niðurlag þáttarins sem þar er nefndur „Njarðvíkinga saga“.

Fljótsdæla saga er aðeins til í einu handriti sem framhald Hrafnkels sögu. Hún er skáld-saga með sögulegu ívafi, samín til skemmtunar mönnum. Niðurlagið er glatað eða hefur aldrei verið samið; það hefur verið eða átt að vera uppskrift eða endursögn Droplaugarsona sögu. Fljótsdæla er vel sögð og rituð á hreinu og fögru máli.

Þorsteins saga Síðu-Hallssonar er merkileg fyrir þá sök að þar er sagt frá þátttöku Þorsteins í Brjánsbardaga (orrustunni við Clontarf hjá Dyflinni 1014), sem einnig er lýst í Njálu, og er talið að báðar sögurnar styðjist við glatað rit.

Draumur Þorsteins Síðu-Hallssonar segir frá því er Gilli, írskur þræll Þorsteins, drap hann um nótt til hefnda fyrir það að Þorsteinn hafði látið gelda hann.

Þorsteins þáttur Austfirðings segir frá Íslendingi er sýnir heimóttarskap við hirð Noregs-konungs, en drýgir þó afrek og verður um síðir nýtur maður heima á Íslandi.

Þorsteins þáttur sögufróða gerist við hirð Haralds harðráða og geymir frægan vitnisburð um sagnaskemmtun Íslendinga.

Gull-Ásu-Þórðar þáttur, kenndur við íslenskt skáld sem fékk konu í Noregi, fjallar að öðru leyti um átök norskra höfðingja innbyrðis og við konunginn, Eystein Magnússon. Þátturinn er vel byggður og geymir hnyttileg tilsvör og fágæt spakmæli.





BRENNU-NJÁLS SAGA

Íslenzk fornrit XII

Einar Ól. Sveinsson gaf út með inngangi og skýringum.

ISBN 9979-893-12-5

clxiii + 514 bls.

ásamt 12 myndasíðum.

Brennu-Njáls saga (eða Njáls saga, Njála) er lengst og frægust allra Íslendingasagna. Hún gerist á 10. öld og í upphafi 11. aldar, en er færð í letur nær lokum 13. aldar. Milli atburða og ritunartíma eru um það bil þrjár aldir, og er þess því vart að vænta að sagan sé reist á sönnnum munnmælasögnum, enda er almennt viðurkennt nú á dögum að hún sé fyrst og fremst mikið skáldverk.

Njála er verk rithöfundar sem er hugfrjór og sér vítt um veröld hverja. Hann lifir á mótum tveggja tímabila sögu og menningar, milli Sturlungastorms og konungskýrðar, milli þjóðfrelsis og þegnhlýðni, milli norrænna fræðapula og suðrænna riddara. Hann hefur þekkt og numið fjöld eldri bókmennta – sögur, fræðirit, kveðskap, ættartölur og lögbækur. Hann hagnýtir þessar bókmenntir til eftirbreytni og endursegir jafnvel úr þeim heila þætti, ekki til þess að setja saman sanna sögu, heldur til að fella hana inn í sögu þjóðarinnar, til að gefa sínu ýkjufulla verki yfirbragð sannfræðinnar og skapa unaðsfulla spennu milli raunsæis og ófga, sannleika og skáldskapar.

Njálu hefur verið líkt við litskrúðugan haustskóg, og einnig við þroskaðan ávöxt sem er sætur af því að hann er í þann veginn að skemmast. Sögunni hefur einnig verið líkt við mikið haf með öldum og ládeyðu til skipta. Í hverjum kafla er stígandi, ris og hnig, andstæðum einstaklingum og fylkingum lýstur saman, en eftir orrustuna kemur logn og kyrrð. Tveir atburðir eru átakamestir, víg Gunnars á Hlíðarenda og brenna Njáls og sona hans. Í brennunni rís sagan hæst, en síðan kemur langur lokapáttur eftirmála og hefnda uns garparnir tveir sem uppi standa, Kári og Flosi, fallast í faðma að sögulokum og lesandinn stígur hreinsaður út úr eldskírn harmleiksins.

Óviða í bókmenntum heimsins birtist þvílíkur fjöldi einstaklinga sem hafa sín sérkenni er greina þá frá öllum öðrum. Sumir eru hófstíltir, aðrir örlyndir; sumir blendnir í skapi, aðrir göfuglyndir; sumir auvirðilegir, aðrir ofurglæstir, og þó enginn svo bjartur yfirlitum að mynd hans skýrist ekki af nokkrum skuggum.

Njála hrifur barnshugann með sínu einfalda tungutaki og stórfenglegu viðburðum, en síðan getur þroskaður maður lesið söguna aftur og aftur og ávallt fundið þar nýja snilld og speki.



HARDAR SAGA

Íslenzk fornrit XIII

HARDAR SAGA
 BÁRÐAR SAGA
 ÞORSKFIÐINGA SAGA
 FLÓAMANNA SAGA
 ÞÓRARINS ÞÁTTUR NEFJÓLFSSONAR
 ÞORSTEINS ÞÁTTUR UXAFÓTS
 EGILS ÞÁTTUR SÍÐU-HALLSSONAR
 ORMS ÞÁTTUR STÓRÓLFSSONAR
 ÞORSTEINS ÞÁTTUR TJALDSTÆÐINGS
 ÞORSTEINS ÞÁTTUR FORVITNA
 BERGBÚA ÞÁTTUR
 KUMLBÚA ÞÁTTUR
 STJÖRNU-ODDA DRAUMUR

Þórhallur Vilmundarson og Bjarni Vilhjálmsson
 gáfu út með inngangi og skýringum.

ISBN 9979-893-13-3
 ccxxviii + 525 bls.
 ásamt 8 myndasíðum.

Hardar saga er, eins og flestar sögur þessa bindis, ýkjusaga frá 14. öld. Hördur er hraustur fullhugi, en óstýrilátur og dæmdur sekur skógarmaður. Hafðist hann síðast við í Geirshólmi í Hvalfirði með mönnum sínum sem kallaðir voru Hólmverjar, og lifðu þeir af ránum uns þeir voru sviknir og vegnir í gríðum. En Helga kona Harðar, jarlsdóttir frá Gautlandi, bjargast frækilega á sundi úr hólmnum með tvo syni þeirra.

Bárðar saga segir frá Bárði Dumbssyni sem er blendingur af ætt trölla og manna og hefst við í Snæfellsjökli. Hann er mörgum bjargvættur og einnig börn hans tvö, Helga og Gestur. Sagan er mjög ýkjufull og yfirnáttúrlæg, en hana prýða nokkrar sérstæðar og merkilegar vísur, og í frásögnum af Helgu Bárðardóttur bregður fyrir angurværum blæ.

Þorskirðinga saga (eða Gull-Þóris saga) hefur að hetju kappann Þóri sem hlýtur viðurnefni sitt af því að hann vinnur fé mikið frá víkingum sem brugðist höfðu í flugdrekaham og lágu á gullinu í helli einum norður við Dumbshaf. Og sagan segir að menn hafi það fyrir satt að Þórir hafi sjálfur brugðist í ormslíki og lagst á gullkistur sínar þar sem síðan heitir Gullfoss í Þorskirðir.

Flóamanna saga er auðug af fjölbreyttu frásagnarefni sem er að nokkru sótt í Landnámu og fornaldarsögur, en jafnframt grillir í arfsagnir. Garpur sögunnar er Þorgils Þórðarson sem nefndur var Örrabeinsstjúpur. Einna áhrifamestar eru frásagnir af för hans til Grænlands þar sem hann lendir í miklum hrakningum.

Í þessu bindi eru einnig nokkrir þættir sem nefndir skulu stuttlega:

Þórarins þáttur Nefjólfs sonar er dæmisaga um Íslending sem verður fyrir rógi og fellur í ónáð hjá Noregskonungi, en réttir hlut sinn er hið sanna kemur í ljós.

Þorsteins þáttur uxafóts segir frá garpi sem berst við tröll, bæði lifandi og afturgengin.

Egils þáttur Síðu-Hallssonar er mjög forn dæmisaga, rituð til að sýna mátt og dýrð Ólafs konungs helga þegar í lifanda lífi.

Orms þáttur Stórolfssonar hermir frá miklum aflraunagarpi eins og Þorsteins þáttur uxafóts, enda sýnileg tengsl milli þáttanna sem báðir nutu mikilla vinsælda fyrr á tímum. Lýsing Orms er þó einkum sniðin eftir Gretti Ásmundarsyni, en Ormur tekur fyrirmyndinni fram að ofurmennsku afli.

Þorsteins þáttur tjaldstæðings segir frá göfugum landnámsmanni sem hlaut viðurnefni af því að hann tjaldaði yfir sóttveika farmenn sem enginn annar vildi liðsinna.

Þorsteins þáttur forvitna er dæmisaga um mann sem leysir erfiða þraut til yfirbótar fyrir hnýsni sína.

Bergbúa þáttur og **Kumlbúa þáttur** verða samferða í handritum og eiga það sameiginlegt að þar flytja yfirnáttúrligar verur kveðskap fyrir mönnum. Í fyrra þættinum kveður bergbúinn Hallmundur dróttkvæðan flokk, og er þar að finna merkilega lýsingu á eldgosi. Í síðara þættinum tekur maður að nafni Þorsteinn sverð úr kumli. Eigandinn birtist honum í draumi og heitist við hann í vísu, en Þorsteinn svarar fullum hálsi í annarri vísu.

Stjörnu-Odda draumur hefur sem söguhetju Odda sem kunnur er fyrir stjörnuathuganir á 12. öld. Samkvæmt þættinum átti hann heima á Múla í Aðaldal. En þátturinn er raunar fornaldarsaga sem Oddi upplifir í merkilegum draumi, og fylgja brot úr tveimur kvæðum.





KJALNESINGA SAGA

Íslensk fornrit XIV

KJALNESINGA SAGA

JÖKULS ÞÁTTUR BÚASONAR

VÍGLUNDAR SAGA

KRÓKA-REFS SAGA

PÓRÐAR SAGA HREÐU

FINNBAGA SAGA

GUNNARS SAGA KELDUGNÚPSFÍFLS

Jóhannes Halldórsson gaf út með inngangi og skýringum.

ISBN 9979-893-14-1

lxxvi + 399 bls.

ásamt 5 myndasíðum.

Kjalnesinga saga gerist á dögum Haralds hárfagra en er rituð á 14. öld, ýkjufull skemmti-saga sem minnir mjög á fornaldarsögur. Höfundur hefur verið kunnugur á söguslóðum og gefur mörgum persónum heiti eftir örnefnum. Aðalgarpur sögunnar er Búi Andriðsson; hann dvelst um skeið hjá Dofra konungi í Dofrafjalli í Noregi og getur soninn Jökul við Friði dóttur hans. Þegar Jökull kemur til fundar við föður sinn vill hann ekki við honum gangast, og þreyta þeir fang sem lýkur svo að Búi bíður bana, en Jökull hverfur á braut. Einhverjum uppskrifara hefur ekki þótt nóg frá Jökli sagt og aukið við sérstökum **Jökuls þætti Búasonar** sem er enn ýktari en sagan, segir frá viðureign garpsins við tröll og forynjur og lýkur svo að hann verður konungur í Serklandi.

Víglundar saga er hugljúf frásögn af ástum þeirra Víglundar og Ketilríðar sem í fyrstu er mein-að að eigast en ná þó saman að lokum. Sagan er með allra yngstu Íslendingasögum, samin undir sterkum áhrifum frá riddarasögum, og er Tristrams saga nánasta fyrirmyndin. Hún er prýdd með tregafullum dróttkvæðum stökum sem Víglundur kveður til ástmeyjar sinnar.

Króka-Refs saga er einnig ung skáldsaga, haglega rituð og einkar skemmtileg. Refur hlýtur viðurnefni sitt fyrir kænskubrögð sín sem aldrei bregðast. Snjallastur er orðaleikur hans þegar hann lýsir vígi Skálp-Grana á hendur sér, og minna gáturnar á skáldskaparmál Snorra-Eddu. Á kafla vikur sögunni til Grænlands þar sem Refur lendir í miklum ævintýrum.

Pórðar saga hreðu er til í tveim gerðum, og er önnur heil en hin í brotum. Sagan er að mestu leyti skáldskapur, en ekki í anda fornaldarsagna eða riddarasagna heldur stæling á eldri Íslendingasögum (Egils sögu, Njálu o.fl.). Pórður er kappi mikill sem verst árásum margra manna í senn ef á þarf að halda. Hann var hagleiksmaður mikill og smíðaði fræga skála í Flatatungu og víðar.

Finnboga saga er enn ein ýkjusagan frá 14. öld, löguð eftir eldri Íslendingasögum. Finnbogi rammi ólst upp á Flateyjardal norður. Hann er líkur Pórði hreðu að garpskap og vígfimi og berst léttilega við ofurefli liðs. Sagan tengist Vatnsdælu þar sem segir frá skiptum Finnboga og frænda hans Bergs rakka við Ingimundarsyni. Hvor saga er vilhöll sínum hetjum, en auk þess liggja líklega að baki mismunandi munnmælasagnir sem valda því að margt ber á milli.

Gunnars saga Keldugnúpsfífls hefur mörg sömu efnisatriði sem Kjalnesinga saga og er líklega sniðin eftir henni. Hún er meðal allra yngstu Íslendingasagna.



BISKUPA SÖGUR I

Íslenzk fornrit XV

Fyrri hluti – Fræði

Síðari hluti – Sögutextar

KRISTNI SAGA

KRISTNI ÞÆTTIR

JÓNS SAGA HELGA

GÍSLS ÞÁTTUR ILLUGASONAR

SÆMUNDAR ÞÁTTUR

Sigurgeir Steingrímsson, Ólafur Halldórsson og Peter Foote gáfu út með inngangi og skýringum. Ritstjóri: Jónas Kristjánsson.

ISBN 9979-893-15-X

cccxcviii + 393 bls.

ásamt 16 myndasíðum.

Fyrsta bindi *Biskupa sagna* er skipt í tvo hluta. Í fyrra hluta er margvíslegt fræðilegt efni varðandi sögurnar, en í síðara hluta sögutextarnir sjálfir.

Fremst í fyrra hluta (Fræðum) eru tvær ritgerðir sem ætlað er að varpa ljósi á bókmenntagreinina í heild sinni og það tímabil í sögu Íslands og Evrópu sem sögurnar fjalla um. Ásdís Egilsdóttir birtir ritgerð sem nefnist Biskupasögur og helgar ævisögur, þar sem hún fjallar almennt um ævisögur dýrlinga, sérstaklega hinna íslensku. Síðan kemur ritgerð eftir Guðrúnu Ásu Grímsdóttur sem hún nefnir Úr sögu kristni og kirkju í Norðurálfi 1000–1400. Fyrst stiklar höfundur á stóru í kirkjusögu Evrópu og fjallar síðan um ýmsa þætti íslenskrar kirkjusögu á fyrstu öldum kristni í landinu.

Á eftir þessum inngangsritgerðum koma síðan formálar fyrir sögum þeim sem prentaðar eru í síðara hluta. Er þar um að ræða þrjú meginverk: Kristni sögu, Kristni þætti og Jóns sögu helga. Útgefendur fjalla hver um sitt útgáfuverk á fræðilegan og þó alþýðlegan hátt. Sigurgeir Steingrímsson ritar um Kristni sögu, Ólafur Halldórsson um Kristni þætti og Peter Foote um Jóns sögu helga ásamt Gísls þætti og Sæmundar þætti. Ritgerðir þessar tengjast mjög hinum ítarlegu skýringum og athugasemdum sem birtar eru neðanmáls í síðara hluta.

Þá eru í Fræðum skammstafana- og heimildaskrá, páfa-, biskupa- og konungaraðir, ættaskrár og landakort yfir helstu staði sem um er getið í sögutextunum.

Kristni saga byggist á margvíslegum heimildum, en er þó samfelld heild með handbragði sjálfstæðs rithöfundar, samin um miðbik 13. aldar. Frumheimildin er hin gagnorða frásögn Íslendingabókar af kristniþóði Þangbrands, kristnitökunni og fyrstu biskupunum í Skálholti fram til dauða Gissurar Ísleifssonar 1118. En mörgu er við bætt, meðal annars ítarlegum frásögnum af fyrstu kristniþóðunum, Þorvaldi víðförla og Friðreki biskupi, sem ekki eru hjá Ara.


Kristni þætti er að finna á víð og dreif í Ólafs sögu Tryggvasonar hinni mestu sem sett var saman snemma á 14. öld. Kjarni hennar er saga konungsins í Heimskringlu Snorra Sturlusonar, en aukið við ýmsu efni úr öðrum heimildum. Ólafur Tryggvason „kom kristni í Norveg og á Ísland“ að sögn Ara fróða, og því þótti við hæfi að skjóta frásögnum af kristniþóði og kristnitöku inn í sögu hans. Þær birtast nú sem sjálfstæð heild í fyrsta sinn

undir fyrirsögninni **Kristni þættir**. Fyrst er þáttur um Þorvald víðförla og síðan þættir um kristniðöðana Stefni Þorgilsson og Þangbrand. Þá eru sjálfstæðir þættir af ýmsum atburðum sem tengdust kristninni, og loks er sérstök frásögn af sjálfri kristnitökunni.

Jóns saga helga. Kristniðöð hófst á Norðurlandi, og í þessu bindi er birt saga fyrsta Hólabiskupsins, Jóns helga Ögmundarsonar (1106–1123). Jóns saga var snemma rituð á latínu af Gunnlaugi Leifssyni, munki á Þingeyrum (d. 1218 eða 1219), en er aðeins varðveitt á íslensku í þremur gerðum. Jóns saga ber mikinn keim af dýrlingasögum miðalda og er að ýmsu leyti sniðin eftir Þorláks sögu, en geymir jafnframt mikinn frumlegan fróðleik um ævi Jóns og afrek á biskupsstóli, meðal annars um hið merkilega skólahald hans á Hólum sem bar blómlega ávöxtu í bókmenntaiðju á Norðurlandi. Jón biskup var tekinn í heilagra manna tölu á alþingi árið 1200, og jarðeinasögur hans veita skýra og skemmtilega sýn inn í líf fólks í biskupsdæmi hans á 13. öld. Að lokum eru prentaðir tveir þættir sem tengjast Jóns sögu: **Gísls þáttur Illugasonar** og **Sæmundar þáttur**.

Í Viðauka I er prentað niðurlag Kristni sögu eftir Skarðsárþók Landnámu, að sumu leyti upprunalegra en niðurlagið í aðalhandriti sögunnar. Í Viðauka II eru prentaðir kaflar um kristniðöð Íslands og kristnitöku úr helstu heimildum öðrum en þeim sem prentaðar eru í heild sinni í þessu bindi.





BISKUPA SÖGUR II

Íslensk fornrit XVI

HUNGURVAKA

ÞORLÁKS SÖGUR HELGA

JARTEINABÆKUR ÞORLÁKS HELGA

PÁLS SAGA BISKUPS

ÍSLEIFS ÞÁTTUR BISKUPS

LATÍNUBROT UM ÞORLÁK HELGA

Ásdís Egilsdóttir gaf út með inngangi og skýringum.
Ritstjóri: Jónas Kristjánsson.

ISBN 9979-893-16-8

clxvi + 380 bls.

ásamt 16 myndasíðum.

Hungurvaka er saga fimm fyrstu biskupanna í Skálholti, frá Ísleifi Gissurarsyni, sem vígður var biskup 1056, til Klængs Þorsteinssonar sem andaðist 1176. Nafnið er dregið af því að höfundur vill að ritið vekir hungur ungra manna til meira fróðleiks. Hungurvaka er stórmerk heimild um sögu Íslands á þessu tímabili, rituð í upphafi 13. aldar. Hverjum biskupi er lýst með sínum sérkennum, en hæst ber Gissur Ísleifsson.


Þorláks sögur helga. Eftir Klæng var biskup í Skálholti Þorhallsson, fyrsti og máttugasti dýrlingur Íslands (d. 1193). Hann var tekinn í heilagra manna tölu á alþingi árið 1198 og bein hans grafin úr jörðu og borin í Skálholtskirkju 20. júlí. Saga Þorláks var rituð oftast en einu sinni, bæði á latínu og íslensku. Latínusögur eru aðeins varðveittar í brotum, en til eru tvær heillegar sögur á móðurmálinu, kallaðar Þorláks saga eldri og yngri, eða Þorláks saga A og B. Þorláks saga A hefur í öndverðu verið skrifuð laust eftir 1200, um svipað leyti sem Hungurvaka. Þorláks saga B er framan af mjög samhljóða Þorláks sögu A, en þegar á liður skiljast sögurnar, og munar mestu að Þorláks saga B hefur allangan þátt um deilur Þorláks biskups við höfðingja um yfirráð yfir kirkjustöðum. Frásögn þessi er nefnd Oddaverja þáttur af því að helsti andstæðingur Þorláks var Jón Loftsson í Odda.

Jarteinabækur Þorláks helga. Jarteinabók Þorláks biskups hin elsta (Jarteinabók I) er varðveitt í mjög fornu handriti, og er talið að þar sé um að ræða lítt breytta þá jarteinabók sem eftirmaður Þorláks, Páll biskup Jónsson, lét lesa upp á alþingi 1199. Síðan bættust í sífelli við ný kraftaverk, og því eru varðveittar margar jarteinabækur Þorláks. Í þessu bindi er auk elstu jarteinabókar prentuð ein yngri gerð í heild sinni og brot úr nokkrum öðrum.

Páls saga biskups. Eftirmaður Þorláks á biskupsstóli í Skálholti var systursonur hans, Páll Jónsson (d. 1211). Páll var vel lærður maður og mikill kirkjuhöfðingi, og lýsir sagan vel framkvæmdum hans og ýmsum atburðum í landinu um hans daga. Páll lét gera steinkistu mikla sem hann var lagður í eftir dauða sinn. Þessi steinþrú Páls biskups fannst við uppgröft í Skálholti 1954 með beinum hans og útskornum biskupsstaf.

Ísleifs þáttur biskups er stutt en skemmtileg frásögn af bönorðsför Ísleifs þegar hann fékk Döllu Þorvaldsdóttur frá Ásgeirsá í Víðidal.

Að síðustu eru hér prentuð ævaforð brot sem varðveist hafa af latínusögum um Þorlák helga ásamt íslenskri þýðingu.



BISKUPA SÖGUR III

Íslensk fornrit XVII

ÁRNA SAGA BISKUPS

LÁRENTÍUS SAGA BISKUPS

SÖGUPÁTTUR JÓNS HALLDÓRSSONAR BISKUPS

BISKUPA ÆTTIR

Guðrún Ása Grímsdóttir gaf út með inngangi og skýringum.

ISBN 9979-893-17-6

clx + 493 bls.

ásamt 24 myndasíðum.

Árna saga biskups segir af ævi og kirkjustjórn Árna Þorlákssonar sem stýrði Skálholts-biskupsdæmi á tímabilinu 1269–98. Hann var fæddur að Svínafelli 1237 af ætt Síðumanna, nam fræði af Brandi Jónssyni ábóta í Þykkvabæ. Hann sá í Árna „mikinn atgervismann í hag-leik og riti og hvasan í skilningi til bóknáms.“ Árni var konunghollur og vinur erkibiskups, því oft í förum milli Íslands og Noregs. Hann lést í Björgvin 17. apríl 1298. Saga hans nær til 1291, sögulok eru líklega týnd. Meginásar Árna sögu snúast annars vegar um deilur kirkjuvalds og leikmannavalds á Íslandi um forræði á kirknaeignum, svokölluð staðamál síðari, og hins vegar um lögtöku Jónsbókar á alþingi 1281. Sagan er sögð af sjónarhóli klerkastéttar og vilhöll biskupi enda talin samin á öndverðri 14. öld af frænda hans og eftirmanni á Skálholtsstóli, Árna Helgasyni, sem var lærdómsmaður og gjörkunnugur mönn-um og málefnum í biskupsdæminu. Heimildir sögunnar eru annálar og skjöl úr skjalasafni Skálholts auk frásagna samtíðarmanna Árna biskups. Sagan er varðveitt í handritum sem síðasti þáttur Sturlunga sögu og ber mörg sömu einkenni í skörpum mannlýsingum og lífandi frásögnum af atburðum, en framsetning er þrúgnin guðfræðilegum skilningi á hlutskipti manna. Árna saga er ein mikilvægasta heimild um norsk-íslensk stjórnmál þessa tímabils.

Lárentíus saga fjallar um ævi Lárentíusar Kálfssonar sem var biskup á Hólum 1323–30. Hún er varðveitt í tveimur norðlenskum skinnhandritum frá 16. öld og munar töluverðu í efnisvali, en stíll hvorstveggja er hinn sami, hlýr frásagnarstíll, auðugur af skopskyni. Sagan er sögð af lærisveini Lárentíusar og hollvini, Einari Hafliðasyni presti á Breiðabólstað í Vesturhópi 1344–93. Fyrst segir af æsku Lárentíusar og Noregsvist hans. Þar nam hann kirkjulög og þjónaði Ólafskirkju í Niðarósi, átti ástarævintýri og fyrir komu kátleg atvik, en jafnframt leið Lárentíus prautir. Hann fór sendiför á vegum erkibiskups til eftirlits kristnihaldi á Íslandi, féll í ónáð Jörundar Hólabiskups, sigldi aftur til Noregs og var kastað í myrkva-stofu. Andstreymi bar Lárentíus með þolinmæði, hann var settur aftur í skip til Íslands, fór síðan um og kenndi í klaustrum, gerðist klausturbróðir á Þingeyrum og hlaut loks biskups-tign. Sagan er studd annálagreinum og skjölum og er samtíðarheimild um samskipti Íslendinga og Norðmanna, klausturlífnað, bókagerð, dansleiki, tónmennt, daglega hætti og stjórnssemi Hólabiskups.

Sögupáttur Jóns Halldórssonar biskups. Jón Halldórsson var af norskum ættum, skólaður í París og Bologna. Hann var biskup í Skálholti 1322–39. Þátturinn er varðveittur í miðalda-handritum sem geyma siðbætandi ævintýri eða skemmtunarsögur, en Jón biskup mun hafa samið dæmisögur og notað í predikunum. Jón biskup kemur við Lárentíus sögu og var vígsluþaðir höfundar hennar. Þátturinn er í anda íslenskra biskupasagna; bregður birtu á ævi góðs manns öðrum til trúbótar.

Biskupa ættir skiptast í tvo þætti. Annar er samtíningur um ættir á norðanverðu Íslandi á 13. og 14. öld og koma sumir þar nefndir við Lárentíus sögu, aðrir við Árna sögu. Seinni þátturinn á efnislega samleið með Hungurvöku; þar eru taldir fimm fyrstu biskupar í Skálholti í tímaröð og gerð grein fyrir ætterni hvers þeirra (sbr. bls. 28). Þættirnir eru varðveittir í handriti frá 14. öld og segist ritari skrifa þennan æthring „til þess að þeim er eftir oss koma verði kunnugur sinn áttbogi sér til skemmtunar og að eigi falli úr minni dýrra manna ættir.“



*Íslensk fornrit
– útgáfa sem hvarvetna er vitnað til!*

BISKUPA SÖGUR I–III



TILBOÐ

Afsláttur veittur sem nemur u.þ.b. andvirði einnar bókar

Biskupa sögur er heildarheiti á mörgum og fjölbreyttum sögum um íslenska kristni og kirkju frá upphafi kristniboðs seint á 10. öld og fram um 1340. Þær eru færðar í letur á tímabilinu frá því um 1200 fram til miðrar 14. aldar. Þeim má skipta í tvo aðalflokka: 1) Almennar biskupasögur og 2) sögur um biskupa sem teknir voru í tölu dýrlinga. Til síðara flokksins teljast sögur Þorláks helga og Jóns helga. Allar eru sögur þessar vilhallar biskupunum og mótaðar af viðhorfum kristni og kirkju, en jafnframt eru þær gagnrýsar heimildir, ekki aðeins um líf biskupanna heldur og um almenna sögu og menningu þjóðarinnar á fornum tímum. Sögum dýrlinganna Þorláks og Jóns fylgja frásagnir af kraftaverkum þeirra, svo nefndar jarteinabækur, sem bera vitni um einlæga trú og bregða birtu inn í daglegt líf þjóðarinnar á miðöldum.

Flestar eru biskupasögurnar afbragðsvel skrifaðar og skemmtilegar aflestrar. Hér eru þær gefnar út með neðanmálsskyringum sem í senn eru alþýðlegar og fræðilegar, og hverri sögu fylgir ítarlegur formáli þar sem gerð er grein fyrir einkennum hennar, fólki því sem frá er sagt og sambandinu við önnur forn heimildarrit.



MORKINSKINNA I-II

Íslenzka fornrit XXIII-XXIV

Ármann Jakobsson og
Þórður Ingi Guðjónsson gáfu út
með inngangi og skýringum.

Ritstjórar: Jónas Kristjánsson og
Þórður Ingi Guðjónsson.

ISBN 978-9979-893-97-4
Ixxviii + 332 bls. / cxv + 270 bls.
ásamt 20 myndasíðum.

Morkinskinna er mikið konungasagnarit frá fyrra hluta 13. aldar og greinir frá þeim konungum sem ríktu í Noregi eftir fall Ólafs helga á Stiklarstöðum árið 1030. Ritid mun í öndverðu hafa náð fram til þess tíma er Sverrir Sigurðarson tekur að berjast til valda í Noregi seint á 12. öld, en niðurlagið er glatað. Hér er á ferð elsta rit þar sem saga margra konunga er rakin ítarlega.

Í fyrra bindi útgáfunnar eru sögur Magnúsar góða Ólafssonar og Haralds harðráða Sigurðarsonar. Segir fyrst frá því er Magnús er tekinn úr föstri austur í Garðaríki og settur á konungsstól í Noregi. Þegar hann vex úr grasi verður hann um hrið harður stjórnandi, en mildast við áminningu Sighvats skálds og er síðan nefndur Magnús hinn góði. Á seinasta ríkisári Magnúsar kemur Haraldur Sigurðarson föðurbróðir hans í Noreg, og þeir frændur ríkjá þá saman um hrið. Síðan deyr Magnús skyndilega, og ríkir Haraldur einn eftir það. Haraldur er mikill ævintýramaður sem dvaldist ungur suður í Miklagarði og drýgði margar dáðir, en þegnum hans þótti hann öllu harðráðari en Magnús. Hann nýtur þó álits fyrir visku sína og dálæti á sagnalist og fær þá einkunn að hafa verið besti vinur Íslendinga meðal Noregskonunga. Sögu Haralds lýkur með örlagaríki herferð hans til Bretlandseyja og falli hans í miklum bardaga við Stamfordubryggju (Stamford Bridge) í Englandi árið 1066.

Í síðara bindi eru sögur þeirra konunga sem ríktu í Noregi eftir fall Haralds konungs harðráða. Fyrstur réð ríkjum Ólafur kyrr sonur hans. Ríkisár hans eru friðsöm og gjöful, en litlum sögum fer af þeim. Sonur Ólafs er Magnús berfættur sem er mikill hermaður og refsivöndur nágrannanna bæði í austri og vestri. Eftir fall hans á Írlandi 1103 skiptist ríkið milli sona hans sem eru ólíkir menn. Sigurður verður frægur fyrir Jórsalaferð sína í æsku, en Eysteinn bróðir hans reynist öflugur ríkisstjórnandi, lagamaður og ástsæll vinur þegna sinna. Noregur stendur í blóma á ríkisárum þeirra bræðra, en eftir það sigur á ógæfuhliðina. Við taka grimmir og óvitir konungar, og brátt ríkir borgarastyrjöld í Noregi. Bræður berjast, og sér ekki fyrir endann á þeirri ófriðaröld þegar ritinu lýkur.

Ein höfuðþrýði Morkinskinnu eru hinar mörgu frásagnir af samskiptum konunga við Íslendinga sem dveljast í Noregi, hinir svonefndu Íslendingabættir. Sumir þeirra eru meðal meistaraverka íslenskra bókmennta, svo sem Auðunar þáttur vestfirska, Halldórs þáttur Snorrasonar, Hreiðars þáttur heimiska og Sneglu-Halla þáttur. Þá er þess að geta að fá íslensk sagnarit geyma svo margar vísur sem Morkinskinna, og er talsverður hluti þeirra hvergi annars staðar varðveittur.



FÆREYINGA SAGA ÓLAFS SAGA ODDS

Íslensk fornrit XXV

FÆREYINGA SAGA
ÓLAFS SAGA TRYGGVASONAR
eftir Odd munk Snorrason

Ólafur Halldórsson gaf út með inngangi og skýringum.

Ritstjórar: Jónas Kristjánsson og
Pórður Ingi Guðjónsson.


ISBN 9979-893-25-7
ccv + 402 bls.
ásamt 16 myndasíðum.

Færeyinga saga er saga Götuskeggja, færeyskrar höfðingjaættar sem kennd var við óðalið Götu í Austurey. Fyrstur þeirra ættmenna er nefndur til sögunnar Þorbjörn Götuskeggur, faðir Þrándar sem er aðalpersóna sögunnar. Bróðir Þorbjarnar er Sigmundur í Skúfey, faðir bræðranna Brestis og Beinis sem voru hirðmenn Hákonar Hlaðajarls og höfðu helming eyjanna í lén af honum. Annan helming hafði Hafgrímur í Suðurey í lén af Haraldi konungi gráfeldi. Þessum léns mönnum Noregshöfðingja tekst Þrándi í Götu að ryðja úr vegi þar til Sigmundur Brestisson kemur til eyjanna með aðstoð jarlsins eftir langa útlegð og mikil afrek í víkingaferðum. Sigmundur hefnir föður síns, sest að í Skúfey og tekur eyjarnar í lén af jarlinum. Síðan verður aðalefni sögunnar barátta milli tveggja ólíkra fylkinga, annars vegar Þrándar og frænda hans og hins vegar Sigmundar og afkomenda hans. Þrándur er heiðinn og fjölkunnugur bragðarefur sem einskis svífst í öflun auðs og valda og í baráttu sinni við Noregshöfðingja. Áftur á móti er Sigmundur vammlaus hetja og vígfimur með afbrigðum. Hann gerist maður Ólafs Tryggvasonar, lætur skírast, tekur Færeyyjar í lén af honum og kemur kristni á eyjarnar.

Færeyinga saga jafnast á við helstu Íslendingasögur að spennu og dramatík.

Oddur Snorrason, sem munkur var á Þingeyrum á síðara hluta 12. aldar, tók saman á latínu sögu **Ólafs konungs Tryggvasonar**. Ekkert er varðveitt af þessari frumgerð sögunnar, en íslenskur texti er í tveimur handritum, ekki alveg heilum, og lok sögunnar í broti úr hinu þriðja. Þessir textar eru harla ólíkir og í raun þrjár gerðir sögunnar, sem allar munu þó eiga rætur að rekja til sömu frumpýðingar.

Ólafs saga Odds er að miklu leyti samin að fyrirmynd helgisagna, einna helst í ætt við játarasögur. Oddur reynir ekki að koma Ólafi Tryggvasyni í tölu heilagra manna, en leggur áherslu á að hann hafi verið fyrirrennari Ólafs helga eins og Jóhannes skírari var fyrirrennari Krists. Því til stuðnings leitar hann fanga bæði í Biblíuna og heilagra manna sögur. Sagan er með elstu rituðum heimildum um uppruna og uppvöxt Ólafs, kristnið hans og endalok.



HEIMSKRINGLA I

Íslenzk fornrit XXVI

YNGLINGA SAGA

HÁLFÐANAR SAGA SVARTA

HARALDS SAGA HINS HÁRFAGRA

HÁKONAR SAGA GÓÐA

HARALDS SAGA GRÁFELDAR

ÓLAFS SAGA TRYGGVASONAR

Bjarni Aðalbarnarson gaf út með inngangi og skýringum.

ISBN 9979-893-26-5

cxi + 405 bls.

ásamt 8 myndasíðum.

Heimskringla eftir Snorra Sturluson hefur að geyma samfelldar sögur Noregskonunga frá þjóðsögulegum tímum fram á síðara hluta 12. aldar. Verkinu lýkur í þann mund er Sverrir Sigurðarson brýst til ríkis í Noregi, en saga hans hafði þegar verið rituð af Karli Jónssyni, ábóta á Þingeyrum. Í þessari útgáfu er Heimskringlu skipt í þrjú bindi, og eru sex sögur í fyrsta bindinu.

Ynglinga saga hermir frá fornkonungum í Svíþjóð. Þeir röktu ættir sínar til Freys, sem öðru nafni nefndist Yngvifreyr og kom austan úr Asíu í föruneyti Óðins. Síðar fluttust Ynglingar til Noregs og urðu ættfeður Noregskonunga. Meginheimild sögunnar er kvæðið Ynglingatal eftir Þjóðólfr úr Hvini, merkilegt kvæði sem haft hefur áhrif á mörg önnur fornskáld.

Hálfðanar saga svarta er stutt, en geymir þó ýmis forn og fróðleg minni. Hálfðan réð ríkjum austanfjalls í Noregi. Frægur er draumur sá sem Ragnhildi drottningu hans dreymir fyrir fæðingu Haralds sonar síns. Henni þykir lítill þyrnir vaxa úr hendi sér og verða tré svo mikið að limar þess „dreifast um allan Noreg og enn miklu víðara“.

Með **Haralds sögu hins hárfagra** má kalla að hefjist sannsögulegar frásagnir Heimskringlu, og styðst Snorri mjög við kvæði hirðskálda konungsins. Haraldur háði orrustur margar við aðra smákonunga, og lauk svo að hann sigraði þá alla og gerðist einn konungur yfir Noregi. Á dögum Haralds byggðist Ísland, og telur Snorri að ofríki konungsins hafi átt mikinn þátt í fólksstrauminum hingað til lands.

Hákonar saga góða. Þegar Haraldur hárfagri var áttæður gaf hann Eiríki syni sínum, sem auknefndur var blóðöx, vald yfir landi öllu. Yngsti sonur Haralds hét Hákon; hann var fóstaraður af Aðalsteini Englandskonungi og því auknefndur Aðalsteinsfóstri. Hann sneri til Noregs ungur að aldri og var tekinn til konungs, en Eiríkur flæmdist úr landi. Hákon stýrði Noregi í 26 vetur að tali sögunnar, með þeim ágætum að hann hlaut viðurnefnið 'góði'. Í lok sögunnar tilfærir Snorri kvæðið Hákonarmál eftir Eyvind skáldaspilli, eitt hið mesta snilldarverk meðal fornra norræna kvæða.

Haralds saga gráfeldar. Þegar leið á veldistíð Hákonar góða komu synir Eiríks blóðaxar sunnan úr Danmörku og tóku að herja á ríki hans. Þeir voru kenndir við móður sína og kallaðir Gunnhildarsynir. Haraldur sem nefndur var gráfeldur fór fyrir þeim bræðrum. Þeir felldu Hákon í frægri orrustu á Fitjum á eygni Storð. Réðu þeir síðan fyrir Noregi um hrið uns Haraldur var drepinn með vélræðum af hálfu Hákonar Hlaðajarls. Hákon réð síðan sem jarl yfir Noregi langa hrið seint á 10. öld.

Ólafs saga Tryggvasonar segir frá hinum fræga og glæsilega kristniboðskonungi Noregs og Íslands. Ungur lá hann í víkingu, en tók kristna trú fyrir vestan haf og hélt síðan til Noregs. Hákon jarl var þá orðinn óvinsæll af landsfólki, og fór svo að þræll hans réð honum bana, en Ólafur var til konungs tekinn um land allt. Hann lagði mikið kapp á að kristna Noreg og þau lönd er þaðan voru byggð, meðal annarra Ísland. Eftir aðeins fimm ára konungstíð féll hann í mikilli sjóorrustu við eyna Svöld.



*Í engri annarri heildarútgáfu íslenskra fornrita
er jafnmikinn fróðleik að finna.*



HEIMSKRINGLA II

Íslenzk fornrit XXVII

ÓLAFS SAGA HELGA

Bjarni Aðalbjarnarson gaf út með inngangi og skýringum.

ISBN 9979-893-27-3

cxii + 481 bls.

ásamt 8 myndasíðum.

Ólafur helgi Haraldsson háði á yngri árum víkingu víða um lönd líkt sem nafni hans og frændi, Ólafur Tryggvason, og braust síðan einnig til valda í Noregi þar sem hann lauk því ætlunarverki hins fyrra Ólafs að kristna landsmenn. Hann var konungur 15 ár, 1015–30, en lenti í ófriði við norska stórbændur og var landflóttu síðasta árið hjá mági sínum Jarizleifi konungi í Garðaríki. Sumarið 1030 hélt hann austan til Svíþjóðar og fékk þar liðsstyrk hjá Svíakonungi og heiman frá Noregi. Hélt hann liði þessu yfir til Prándheims. En norskir bændur söfnuðu liði í móti og háðu við hann mikla orrustu á Stiklarstöðum í Veradal 29. júlí. Féll konungur þar og mikill hluti liðs hans. En þegar eftir orrustuna tóku að gerast kraftaverk sem tengdust líki hans. Varð hann síðan höfuðdýrlingur Norðurlanda í kaþólskum sið, og fjöldi pílagríma streymdi til legstaðar hans í Niðarósi.

Um Ólaf helga hafði margt verið ritað fyrir daga Snorra Sturlusonar, mest með helgi-svip sem vænta mátti. Flest af því hefur Snorri þekkt er hann réðst í að semja sögu konungsins. Hann velur úr efninu það sem honum þykir henta, endursegir og umbreytir eldri sögum, hafnar ýkjusögum en skýrir alla atburði og lýsir á raunsæjan hátt, bregður upp fjölskrúðugum mannlífsmyndum og skapar mesta snilldarverk meðal sagnarita heimsins á miðöldum.

Síðar bætti Snorri við sögum þeirra Noregskonunga sem ríkt höfðu bæði á undan og eftir Ólafi helga, og þannig varð Heimskringla til, samfelld saga Noregskonunga frá þjóð-sögulegum tímum allt til þess er Sverrir Sigurðarson kom til ríkis seint á 12. öld. Saga Sverris konungs hafði þegar verið rituð, svo vel að þar var ekki þörf um að bæta.



HEIMSKRINGLA III

Íslenzk fornrit XXVIII

MAGNÚSS SAGA GÓÐA
HARALDS SAGA SIGURÐARSONAR
ÓLAFS SAGA KYRRA
MAGNÚSS SAGA BERFÆTTS
MAGNÚSSONA SAGA
MAGNÚSS SAGA BLINDA OG HARALDS GILLA
HARALDSSONA SAGA
HÁKONAR SAGA HERÐIBREIÐS
MAGNÚSS SAGA ERLINGSSONAR

Bjarni Aðalbjarnarson gaf út með inngangi og skýringum.

ISBN 9979-893-28-1

cxv + 469 bls.

ásamt 8 myndasíðum.

Eftir fall Ólafs helga réðu Danir yfir Noregi um hríð, uns norskir höfðingjar, sem verið höfðu andstæðingar Ólafs, sóttu Magnús son hans ungan að aldri austur í Garðaríki og gerðu hann konung. Þegar Magnús þroskaðist hugðist hann hefna sín á drápsmönnum föður síns, en þá veitti Sighvatur skáld Þórðarson honum föðurlega áminningu í Bersögilsvísu sem Snorri Sturluson tekur að miklu leyti upp í sögu sína. Við það bætti hinn ungi konungur ráð sitt og ávann sér viðurnefnið 'góði'.

Með Magnúsi kom síðar til ríkis hálfbróðir föður hans, Haraldur Sigurðarson, sem hafði aflað sér frægðar úti í Miklagarði. Haraldur var skörungur mikill, en þótti strangur stjórnandi og hlaut því auknefnið 'harðráði'. Hann féll í orrustu við Stamfordabryggjur (Stamford Bridge) í Englandi 1066.

Eftir Harald stýrði Noregi um langt skeið sonur hans Ólafur sem var slíkur friðarmaður að hann hlaut viðurnefnið 'kyrri', enda er saga hans örstutt í Heimskringlu. En með tilkomu Magnúsar Ólafssonar, sem kallaður var berfættur, glæddust atburðir að nýju. Magnús herjaði víða og féll á Írlandi 1103.

Synir Magnúsar ríktu í fyrstu þrír saman: Sigurður, Eysteinn og Ólafur. Hinn yngsti þeirra varð skammlífastur, en Sigurður lifði lengst. Hann fór mikla frægðarför út til Jerúsalem og var síðan kallaður Jórslafari. Einn hinn snjallasti af þáttum Heimskringlu er kappmæli eða „mannjafnaður“ þeirra bræðra, Eysteins og Sigurðar. Snorri hefur sótt efni í þessa frásögn til Morkinskinnu, en endurbætur hana frábærlega.

Friður ríkti innanlands í Noregi frá falli Ólafs helga fram að andláti Sigurðar Jórslafara, eða í rétt hundrað ár (1030–1130). En þá hófst það tímabil Noregssögu sem almennt er kallað „borgarastríðin“ og stóð nær óslitið í 110 ár, frá andláti Sigurðar 1130 uns menn Hákonar gamla tryggðu völd hans með vígi Skúla hertoga í Niðarhólmi 1240. Fyrri skeiði stríðanna er lýst í Heimskringlu.

Til Sigurðar Jórslafara kom vestan af Írlandi maður að nafni Gillikristur, sem öðru nafni nefndist Haraldur gilli, og kvaðst vera bróðir hans, sonur Magnúsar berfættis. Eftir dauða


Sigurðar gerði hann kröfu til ríkis og var tekinn til konungs yfir hálfu landi móti Magnúsi Sigurðarsyni. Síðan börðust þeir um völdin og hafði Haraldur sigur. Lét hann taka Magnús, blinda hann og limlesta og setja í klaustur.

Þá kom fram annað konungsefni, Sigurður slembidjárn, sem einnig þóttist vera sonur Magnúsar berfætts. Tókst honum að ráða Harald gilla af dögum, en náði þó ekki konungdómi í Noregi og var sjálfur þindur til dauða. Þá urðu konungar synir Haralds gilla: Ingi, Eysteinn og Sigurður munnur, allir á barns aldri, og börðust þeir eða flokkar þeirra um völdin uns allir þrír lágu í valnum.

Næstur kom til valda Hákon herðibreiður, sonur Sigurðar munns – einnig barn að aldri, og rennur saga hans saman við Haraldssona sögu, því að menn Hákonar eiga í stríði við Inga Haraldsson og fella hann. En Erlingur jarl skakki hefnir Inga konungs, fellir Hákon herðibreið (1162) og lætur krýna Magnús son sinn til konungs. Magnús var ekki konungborinn í fðurætt, en dóttursonur Sigurðar Jórsalafara. Þeir feðgar eru við völd í Noregi þegar Heimskringlu lýkur, en falla báðir síðar fyrir Sverri konungi svo sem lýst er í Sverris sögu.



HEIMSKRINGLA I–III




TILBOÐ

Afsláttur veittur sem nemur u.þ.b. andvirði einnar bókar

Heimskringla er samfelld saga Noregskonunga frá þjóðsögulegum tímum Ynglinga og allt fram á síðara hluta 12. aldar er Erlingur jarl lætur krýna Magnús son sinn til konungs í Noregi.

Snorri Sturluson endursegir og umbreytir eldri sögum, skýrir atburði og lýsir þeim á raunsæjan hátt og bregður upp fjölskrúðugum mannlífsmyndum. Þannig skapar hann mesta snilldarverk meðal sagnarita heimsins á miðöldum.

Heimskringla er hér gefin út með skýringum sem miðast bæði við þarfir almennra lesenda og fræðimanna. Hverju bindi er fylgt úr hlaði með ítarlegum formála þar sem gerð er grein fyrir bókmenntalegum einkennum, varðveislu, tímatali og öðru sem leiðir lesandann inn í heim gullalдар í sagnaritun Íslendinga.



ÁGRIP AF NOREGSKONUNGA SÖGUM FAGURSKINNA – NOREGS KONUNGA TAL Íslensk fornrit XXIX

Bjarni Einarsson gaf út með inngangi og skýringum.

ISBN 9979-893-29-X

cxxxi + 418 bls.

ásamt 8 myndasíðum.

Ágrip af Noregskonunga sögum (venjulega stýtt í Ágrip) er sem nafnið sýnir yfirlitsrit um sögu konunganna. Efni og orðfæri bendir til að ritið muni samið í Noregi á síðasta áratug 12. aldar, en það er aðeins varðveitt í einu íslensku handriti. Upphaf og niðurlag vantar, en talið að það hafi hafist með Hálfðani svarta og endað 1177. Ritið er samið af lærðum manni, og víða bregður fyrir latínubornum lærdómsstíl. Ágrip hefur síðan verið hagnýtt í yngri og ítarlegri ritum um Noregskonunga – Fagurskinnu, Morkinskinnu og Heimskringlu. Þar var kominn frásagnarkjarni sem síðari sagnaritarar gátu hlaðið utan um.

Fagurskinna er nafn sem Þormóður Torfason gaf fornu handriti Noregskonungasagna, en síðan færðist nafnið yfir á sögur þær sem í handritinu voru. Sömu sögur voru einnig til í annarri skinnbók og báru þar heitið „Noregs konunga tal“. Báðar skinnbækurnar fórust í brunanum mikla í Kaupmannahöfn 1728, en sögurnar varðveittust í góðum uppskriftum á pappír. Fagurskinna er að miklu leyti útdráttur úr þrem ritum: Ólafs sögu Tryggvasonar eftir Odd Snorrason, Elstu sögu (Helgisögu) Ólafs helga og Morkinskinnu, og hafa allar verið í eldri gerðum en þeim sem nú eru til. Þetta eru einmitt sömu rit sem verið hafa meginheimildir Snorra í Heimskringlu. Þannig verður sjálfkrafa margt sameiginlegt í Fagurskinnu og Heimskringlu, en auk þess er talið að Snorri hafi þekkt Fagurskinnu sjálfa. Höfundur Fagurskinnu stýttir heimildir sínar mjög, en oft virðist handahóf ráða hvað hann tekur og hverju hann sleppir. Gjarna teygir hann úr frásögnum af miklum orrustum, en þó sleppir hann alveg að lýsa sjálfri Stiklarstaðaorrustu sem Snorri helgar mikið rúm. Í aðra röndina er hann gagnrýnn sagnaritari, sleppir t.a.m. öllu yfirnáttúrlegu efni og ýmsu öðru sem hann hefur talið ósennilegt. Eins og Snorri notar hann mjög fornan kveðskap máli sínu til stuðnings, og hafa við það varðveist ýmsar merkilegar vísur og kvæðabrot í Fagurskinnu.



SVERRIS SAGA

Íslensk fornrit XXX

Þorleifur Hauksson gaf út með inngangi og skýringum.

Ritstjórar: Jónas Kristjánsson og Þórður Ingi Guðjónsson.

ISBN 978-9979-893-30-1

civ + 340 bls.

ásamt 16 myndasíðum.

Sverris saga er eitt af stórvirkjum íslenskra bókmennta, eins og Sigurður Nordal komst að orði. Þetta er samtímasaga, ævisaga Sverris Sigurðarsonar Noregskonungs (d. 1202), elsta veraldlega konungasagan sem varðveitt er í heild. Samkvæmt formála er upphaf sögunnar ritað af Karli ábóta Jónssyni í viðurvist Sverris sjálfs, sem „réð fyrir hvað rita skyldi“. Sagan er rituð af mikilli list og persónulýsing konungsins er ein sú skýrasta og blæbrigðaríkasta sem fyrirfinnst í fornum sögum.

Sverrir Sigurðarson ólst upp í Færeyjum og var þar settur til bókar og vígður til prests. Hann er samkvæmt sögunni 24 ára gamall þegar hann kemst að því að hann er í raun launsonur Sigurðar konungs Haraldssonar sem var auknefndur munnur, og þá býr hann ferð sína til Noregs til að „sjá hvað í vill gerast“. Átta árum síðar hefur hann lagt alla helstu andstæðinga sína að velli og er einn viðurkenndur konungur yfir öllum Noregi. Sverrir sat hins vegar ekki lengi á friðarstóli. Sífellt elfdust ófriðarflokkar gegn honum, auk þess sem hann átti í hörðum deilum við kirkjuna og var bannfærður af páfa 1198. Sagan lýsir þessum átökum vel frá sjónarhóli Sverris. Þá eru í Viðauka þessarar útgáfu prentuð brot úr ýmsum samtímaheimildum sem varpa á þau ljósi úr öðrum áttum. Þessi rit eru svonefnd Ræða gegn biskupum sem rituð var undir handarjaðri Sverris sjálfs, Danasaga Saxa hins málspaka og þrjú ensk sagnarit frá því um 1200.

Meðal þess sem sagan hefur að geyma eru margar mjög merkilegar ræður sem Sverrir á að hafa flutt yfir mönnum sínum, og þarna er einnig lýst draumum Sverris og þeirri herstjórnarlist sem í fyllingu tímans lyfti þessum ókunna og allslausa presti frá Færeyjum upp í veldisstól norska konungsríkisins. Álit samtímamanna á list og heimildargildi sögunnar birtist í því meðal annars að allir síðari höfundar Noregskonungasagna, að Snorra Sturlusyni meðtöldum, ljúka umfjöllun sinni árið 1177, árið sem Sverrir gerðist foringi fámenns og illa búins hers Birkibeina og hóf að brjótast til valda.



HÁKONAR SAGA I-II

Íslensk fornrit XXXI-XXXII

BÖGLUNGA SAGA
HÁKONAR SAGA HÁKONARSONAR
MAGNÚSS SAGA LAGABÆTIS

Porleifur Hauksson, Sverrir Jakobsson
og Tor Ulset gáfu út með inngangi
og skýringum.

Ritstjórar: Jónas Kristjánsson
og Þórður Ingi Guðjónsson.

ISBN 978-9979-893-98-1
Ikvii + 333 bls. / xcix + 341 bls.
ásamt 24 myndasíðum.

Böglunga saga hefst þar sem Sverris sögu lýkur og segir frá stuttu valdaskeiði Hákonar Sverrissonar og þeim heiftuðugu flokkadráttum og valdabaráttu sem við tók eftir skyndilegt andlát hans. Eftir að sagt hefur verið frá sáttafundi í Hvitingseyjum 1208 er saga höfðingjanna rakin í stórum dráttum fram til valdatöku Hákonar Hákonarsonar 1217. Böglunga saga hefur varðveist í tveimur gerðum, sem báðar eru prentaðar í þessari útgáfu. Lengri gerðin er aðeins varðveitt á fáeinum skinnblöðum, en kringum 1600, meðan hún var enn heil, var hún þýdd á dönsku af norskum presti og fræðimanni, Peder Claussøn Friis. Sú þýðing er hér prentuð ásamt íslenskri þýðingu Sveinbjarnar Egilssonar.

Hákonar saga Hákonarsonar er langmerkasta heimild sem varðveitt er um sögu Noregs á 13. öld. Sagan er rituð 1264–65 af Sturlu Þórðarsyni sagnaritara að beiðni Magnúsar konungs Hákonarsonar. Hákon var við völd 1217–1263, lengur en nokkur annar Noregskonungur. Meginefni fyrra hluta sögunnar fjallar um samskipti og deilur Hákonar og Skúla jarls Bárðarsonar. Það stuðlaði að sáttum milli þeirra þegar Hákon gekk að eiga Margréti dóttur Skúla, en jafnvel hertoganafnbótin sem Hákon veitti Skúla 1237 fullnægði ekki metnaði hans til lengdar. Tveimur árum síðar lét Skúli gefa sér konungsnafn, og þar með var friðurinn rofinn. Úrslita-orrustunni vorið 1240 lauk með algerum sigri Hákonar konungs. Margir aðrir uppreisnarflokkar risu upp gegn Hákon, en honum tókst að friða Noreg og sameina undir sinni stjórn. Ennfremur lagði hann undir sig Ísland, Grænland og stóran hluta Bretlandseyja. Þar var hann staddur ásamt miklu liði þegar hann tók sótt og andaðist, 1263. Viðskipti Hákonar við Íslendinga fá verulegt rými í sögunni, og ýmsir íslenskir höfðingjar birtast þar í öðru ljósi heldur en í Sturlungu eða öðrum heimildum. Sturla orti mörg lofkvæði um Hákon og afrek hans og felldi þau inn í sögu hans, en fundum hans og konungs bar aldrei saman. Hins vegar varð hann hirðmaður Magnúsar sonar Hákonar og ritaði einnig sögu hans, sem er nú að mestu glötuð.

Af **Magnúss sögu lagabætis** eftir Sturlu Þórðarson hafa aðeins varðveist tvö skinnblöð. Texti þeirra er prentaður í þessari útgáfu ásamt nokkrum annálagreinum sem talið er að runnar séu frá þessari glötuðu sögu.



JÓMSVÍKINGA SAGA

Íslensk fornrit XXXIII

JÓMSVÍKINGA SAGA

JÓMSVÍKINGADRÁPA · BÚADRÁPA

HAUKS PÁTTUR HÁBRÓKAR · SIGURÐAR PÁTTUR SLEFU

EINDRIÐA PÁTTUR ILBREIÐS · ÞORSTEINS PÁTTUR

SKELKS · EINDRIÐA PÁTTUR OG ERLINGS

RAUÐÚLFS PÁTTUR · VÖLSA PÁTTUR

Porleifur Hauksson og Marteinn Helgi Sigurðsson
gáfu út með inngangi og skýringum.

Ritstjóri: Þórður Ingi Guðjónsson.

ISBN 978-9979-893-38-7

cxviii + 326 bls.

ásamt 12 myndasíðum.

Jómsvíkinga saga er talin rituð kringum 1200. Hún segir í upphafi frá elstu Danakonungum sem áreiðanlegar heimildir eru til um: Gormi hinum gamla, Pyri konu hans, syni þeirra, Haraldi blátönn, og Sveini syni hans. Sögur af þessum Danakonungum koma engan veginn heim við lýsingar þeirra í evrópskum miðaldaheimildum. Haraldur Gormsson vegur Knút bróður sinn. Dánarfregnin ríður föður þeirra að fullu, og Haraldur verður konungur. Hákon Sigurðarson Hlaðajarl kemur til hirðar Haralds, og saman brugga þeir banaráð Gull-Haraldi, syni Knúts Gormssonar, Haraldi gráfeldi Noregskonungi og Gunnhildi móður hans. Þá segir frá herför Ottós „hins rauða“ Þýskalandskeisara til að kristna Danmörku og sigri hans með fulltingi Ólafs Tryggvasonar. Hákon kastar nýtekinni trú, flýr til Noregs og hættir að gjalda Haraldi skatt.

Jómsvíkinga saga er nánast eina heimildin sem segir frá Pálna-Tóka, aðalpersónu síðara hluta sögunnar. Haraldur Gormsson lætur drepa Áka Tókason, föðurbróður hans, og Pálna-Tóki hefnir hans á mjög niðurlægjandi hátt. Síðan víkur hann til Vindlands, reisir kastalann Jómsborg og stofnar þar víkingabréðralag. Þangað ráðast hinir fræknu kappar. Sögunni lýkur á herferð Jómsvíkinga til Noregs þar sem þeir mæta Hákonu jarli og Einriki syni hans í snarpri og tvísýnni orrustu í Hjörungavogi, en biða ósigur. Frásögnin nær hámarki í lýsingunni á aftökum Jómsvíkinga, sem sýna mikið æðruleysi og hetjuskap og ögra böðlum sínum.

Sagan er fyrst og fremst skemmtisaga; höfundur lætur sér staðfræði og sannfræði í léttu rúmi liggja og sýnir konungum og öðrum höfðingjum algert virðingarleysi. Tvær drápur um bardagann í Hjörungavogi fylgja útgáfunni: Jómsvíkingadrápa eftir Bjarna Kolbeinsson Orkneyjabiskup og Búadrápa eftir Þorkel Gíslason. Þá fylgja þessu bindi konungasagna nokkrir þættir, sem einkum eru varðveittir í Flateyjarbók.



ORKNEYINGA SAGA

Íslensk fornrit XXXIV

ORKNEYINGA SAGA
LEGENDA DE SANCTO MAGNO
MAGNÚSS SAGA SKEMMRI
MAGNÚSS SAGA LENGRI
HELGA ÞÁTTUR OG ÚLFS

Finnbogi Guðmundsson gaf út með inngangi og skýringum.

ISBN 9979-893-34-6
cxli + 428 bls.
ásamt 7 myndasíðum.

Orkneyinga saga greinir frá Orkneyjajörlum frá því um 900 og fram á 13. öld. Sumir telja að svo sem sagan er til okkar komin sé hún yngri en Heimskringla, en einhverja Orkneyinga sögu hefur Snorri þekkt, sem hann kallar Jarla sögu(r), og hefur hún verið stofn þeirrar sögu sem varðveitt er. Sagan ber þess glögg merki að hún hefst sem fortíðarsaga og breytist síðan smám saman yfir í samtíðarsögu. Hún er stórmerk heimild og segir frá mörgum áhrifamiklum atburðum. Bent hefur verið á tengsl Orkneyinga við Oddaverja og einnig við Hvassafellsmenn í Eyjafirði, niðja Þorgeirs Hallasonar (d. 1169). Til þessara tengsla kynni að mega rekja ritun sögunnar.


Legenda de sancto Magno, stutt helgisaga Magnúsar Eyjajarls á latínu, er prentuð hér ásamt íslenskri þýðingu útgefandans.

Um Magnús Erlendsson Eyjari hlinn helga eru til tvær sjálfstæðar sögur:

Magnúss saga skemmri er framan af útdráttur úr Orkneyinga sögu, en síðan er henni fylgt nokkuð nákvæmlega þegar kemur að frásögnum af helgum Magnúsi.

Magnúss saga lengri hefur verið eignuð Bergi Sökkasyni sem ábóti var á Munkaþverá á 14. öld. Sagan er að nokkru byggð á Orkneyinga sögu, en langir kaflar eru þýðing úr latínu-riti eftir Robert frá Cricklade, prior í Oxford, sem uppi var á 12. öld.

Helga þáttur og Úlfs gerist í Orkneyjum kringum 1000 en er saminn á 14. öld. Þetta er skáldleg dæmisaga um þróun þriggja kynslóða frá grimmri heiðni til göfugar kristni.



DANAKONUNGA SÖGUR

Íslenzk fornrit XXXV

SKJÖLDUNGA SAGA

KNÝTLINGA SAGA

ÁGRIP AF SÖGU DANAKONUNGA

Bjarni Guðnason gaf út með inngangi og skýringum.

ISBN 9979-893-35-4


cxciv + 371 bls.

ásamt 8 myndasiðum.

Skjöldunga saga er aðeins varðveitt í latneskri þýðingu eða endursögn Arngríms lærða og að nokkru í Ynglinga sögu og Eddu Snorra Sturlusonar. Hún mun hafa verið rituð um 1200, brautryðjandaverk í íslenski sagnaritun. Sagan hefur í samþjöppuðu máli greint frá niðjum Skjaldar sonar Óðins í rúma 20 ættliði til Gorms hins gamla á 10. öld. Talið er að svonefnt Sögubrot af fornkonungum sé leifar af yngri og lengri gerð Skjöldunga sögu.

Knýtlinga saga hefur rakið sögu Danakonunga frá grárri fornaskju fram til Knúts Valdimarssonar (d. 1202), en upphafið er glatað, og hefst sagan nú með Haraldi Gormssyni á 10. öld. Sagan er rituð á síðara hluta 13. aldar, og hallast menn mjög að því að höfundur muni vera Ólafur hvítaskáld Þórðarson, bróðir Sturlu sagnaritara og bróðursonur Snorra. Í sögunni segir: „Með honum (þ.e. Valdimar konungi gamla) var Ólafur Þórðarson og nam að honum marga fræði, og hafði hann margar ágætlegar frásagnir frá honum.“ Höfundur Knýtlinga sögu styðst við ýmis dönsk sagnarit, beint og óbeint, meðal annars Danasögu Saxa hins málsþaka. Einnig sækir hann margt til Heimskringlu, og ætluð hans hefur verið að rita heildarsögu Danakonunga eins og Snorri hafði ritað sögu Noregskonunga. Höfundur ver langmestu rými í sögu Knúts helga (d. 1086), á sama hátt sem Snorri skrifaði lengstu söguna um Ólaf helga.

Ágrip af sögu Danakonunga er ættartala Danakonunga þar sem jafnframt er stiklað á helstu sögulegum atburðum, sem oft varða einnig sögu grannlanda eins og vænta má, einkum Noregs. Helstu heimildir eru danskir annálar og Knýtlinga saga. Ritið mun vera íslenskt að uppruna, og Bjarni Guðnason getur þess til að höfundur sé Sturla Þórðarson.



EDDUKVÆÐI I-II

Íslensk fornrit

Jónas Kristjánsson og
Vésteinn Ólason gáfu út
með inngangi og skýringum.

Ritstjóri: Þórður Ingi Guðjónsson.

ISBN 978-9979-893-99-8
469 bls. / 466 bls.

Eddukvæði eru flest varðveitt í einu litlu skinnhandriti frá 13. öld, sem venjulega er nefnt Konungsbók eddukvæða. Fáeinum kvæðum úr öðrum handritum er hér bætt við safnið eins og í flestum útgáfum svo að kvæðin eru alls 36. Eddukvæði vöktu athygli lærðra manna þegar Brynjólfur Sveinsson biskup í Skálholti eignaðist handritið á 17. öld. Hann sendi það síðan Danakonungi, og eftir að fyrstu kvæðin, *Völuspá* og *Hávamál*, voru gefin út með latneskum þýðingum 1665 urðu þau fræg um Evrópu. Síðan hafa eddukvæðin verið talin meðal gersema heimsbókmenntanna. Í þeim birtast skáldlegar sýnir, stórbrotin tilfinningaáttök, djúpi speki og hárbeytt skop í hnitmiðuðu en þó frjálsegu formi. Kvæðin eiga sér eldfornar rætur í trúarbrögðum norræna þjóða og sögnum og kvæðum af hetjum allt frá öld þjóðflutninga. Varðveitta mynd hafa þau fengið á víkingaöld eða síðar.

Í fyrri bindi eru goðakvæði. Frægast þeirra er *Völuspá* um sköpun heimsins og tortímingu í ragnarökum. *Hávamál* eru lögd Óðni í munn og flytja einkum speki um líf í mannheimi. Önnur goðakvæði segja frá ævintýrum og átökum í goðheimum og eru oft gamansöm þótt ógn ragnaraka vofi yfir. *Skirnismál* segja eftirminnilega sögu um hvernig Freyr kemst yfir jötunmeyna Gerði með hótunum um ofbeldi, en *Þrymskviða* segir gamansögu um hvernig sjálfur Þór endurheimtir hamar sinn frá jötnum með því að bregða sér í kvengervi.

Í síðara bindi eru hetjukvæði sem segja sögur af fornfrægum hetjum eins og Sigurði Fáfnisbana, Brynhildi Buðladóttur, Guðrúnu Gjúkadóttur, frændliði þeirra og mágum. Hetjurnar eru glæstar og bera af öðrum, bæði konur og karlar, en heitar ástríður og ósveigjanleg sæmdarvitund steypa þeim í glötn. Meðal áhrifamestu og fornlegustu hetjukvæða er *Atlakviða*, sem segir frá því hvernig Atli Húnakonungur svikur og drepur mága sína Gjúkasyni, en kona hans Guðrún hefnir þeirra svo grimmilega sem hugsast getur með því að drepa Atla og syni þeirra tvo.

Í þessari útgáfu er texti kvæðanna birtur orði til orðs eins og hann er í handritum, en stafsetning samræmd með þeim hætti sem tíðkast í útgáfum félagsins. Hverri vísu fylgja ræki-legar skýringar, og í yfirlitum miklum formála er gerð grein fyrir efni kvæðanna og rótum þeirra í norðevrópskri menningu. Einnig er fjallað um listræn einkenni hvers kvæðis.

Nú er lag að fylla í eyður eða hefja söfnun Íslenzkra fornrita.

VÆNTANLEG RIT


Á næstu árum koma út eftirfarandi rit:

- Sturlunga saga (3 bindi)
- Guðmundar sögur biskups (2 bindi; Biskupa sögur IV–V)

Einnig er fyrirhuguð útgáfu á fornaldarsögum, riddarasögum, Grágás, þýðingum og fræðum, svo eitthvað sé nefnt.

*Ný rit verða kynnt á **www.hib.is***

Ritstjóri: Þórður Ingi Guðjónsson.



Íslensk fornrit er ritröð sem Hið íslenska bókmenntafélag hefur gefið út frá árinu 1933. Útgáfurnar eru afar vandaðar að öllum frágangi og fræðilegum vinnubrögðum. Sérstakt kapp er lagt á að vanda sem best til útgáfu textanna sjálfra, m.a. með víðtækum samanburði handrita. Með texta ritanna fylgja rækilegar skýringar, sem miðast í senn við þarfir almennra lesenda, námsmanna og fræðimanna. Hverju bindi fylgir ítarlegur formáli, þar sem gerð er grein fyrir bókmenntalegum einkennum ritanna, varðveislu þeirra, tímatali og öðru sem máli skiptir til skilnings á eðli þeirra og uppruna. Er þetta eina ritröð íslenskra fornrita sem gerð er úr garði með svo miklu skýringarefni. Fjöldi mynda prýðir ritsafnið. Loks eru í hverju bindi vandaðar nafnaskrár, ættartölur og kort, sem mikilvæg eru hverjum sem útgáfuna notar. Vegna alls þessa vitna íslenskir og erlendir fræðimenn oftar til **Íslenskra fornrita** en nokkurrar annarrar útgáfu þessara verka.

Á árinu 2018 fagnaði Fornritafélagið 90 ára afmæli sínu. Þessi bæklingur er gefinn út af því tilefni. Hann er endurskoðuð útgáfa bæklinga sem kom út 2004. Aðalefnið er bókaskrá, þar sem í stuttu máli er sagt frá efni hvers bindis **Íslenskra fornrita** sem út hafa komið á árunum 1933–2018. Fremst er þó ágríp af sögu félagsins sem Þorleifur Hauksson tók saman í tilefni af þessum merka áfanga í sögu félagsins.

Á vefsíðunni www.hib.is verða birtar upplýsingar um ný bindi **Íslenskra fornrita** jafnóðum og þau koma út. Þar er einnig að finna almenna verðskrá og ýmis tilboð.

